



# Ársskýrsla 2023

| Embætti landlæknis



## Efnisyfirlit

Aðfararorð landlæknis	3
Hlutverk, framtíðarsýn og stefna	4
Mannauður	5
Rekstur og öryggi	6
Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu	7
Heilbrigðisupplýsingar	9
Lýðheilsa	14
Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna	19
Sóttvarnir	23
Styrkir	27
Fjárhagur	28





Mörg og fjölbreytt verkefni voru á borði embættis landlæknis árið 2023 eins og lesa má um í þessari ársskýrslu. Áfram er það svo að lögbundin verkefni vaxa að umfangi samfara árlegum aðhaldskröfum stjórnvalda hvað fjárheimildir varðar. Því er stöðugt unnið að því að auka skilvirkni í starfsemi embættisins, t.d. að gera samskipti og verk meira rafræn og sjálfvirk. Þá þurfa forstjórar opinberra stofnana stöðugt að forgangsraða verkefnum og spyrja sig hvort stofnun sé að gera eitthvað sem ekki ætti að gera og eins hvort ekki sé verið að gera hluti sem ætti að vera að gera.

Fjögur svið embættisins fengu myndarlega styrki frá Heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins. Munu störf þeim tengd hafa mikil áhrif á starfsemi embættisins næstu árin en ráða þarf inn fólk tímabundið til að sinna skilgreindum verkefnum. Verkefnin, sem unnin eru í samstarfi við bæði erlenda og innlenda aðila, fjalla m.a. um aðgerðir til að koma í veg fyrir ósmitbæra sjúkdóma, eins og krabbamein, sykursýki og hjarta- og æðasjúkdóma, gerð sykursýkisskrár, endurskoðun hjartaáfallaskrár, sjálfsvígsforvarnir, aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi, vöktun á heilbrigðisógnum, eflingu gagna er tengjast skimunum, aðgengi að heilbrigðisupplýsingum milli landa Evrópu, eflingu upplýsingatæknikerfa og fleira mætti telja. Þá eru tengsl við innleiðingu velsældarhagkerfis og árlegt og alþjóðlegt Velsældarþing sem haldið er í Hörpu.

Á árinu tókst að ljúka rannsókn fleiri alvarlegra atvika en áður og áfram er unnið að því að ljúka vinnslu kvartana vegna heilbrigðisþjónustu þannig að málsmeðferðartími verði ásættanlegur. Mikil vinna var lögð í frumvarp heilbrigðisráðherra sem ætlað er að auka réttaröryggi heilbrigðisstarfsmanna.

Á árinu urðu dánarvottorð rafræn og fjöldi gagna er nú birtur sjálfvirk í mælaborðum, t.d. um framkvæmdar liðskipta-aðgerðir og aðrar skurðaáðgerðir, bið eftir hjúkrunarrýmum og skurðaáðgerðum, starfsemi heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa og einnig eru lýðheilsuvísar nú aðgengilegir í mælaborði. Þá voru svokallaðir lykilverðir heilbrigðisþjónustu skilgreindir og birtir í fyrsta sinn en þar eru vísar sem auðvelda samanburð við önnur lönd. Þá urðu umsóknir um vottorð sem staðfesta gilt starfsleyfi alfarið rafrænar og vottorðin send í pósthólf á Ísland.is.

Á árinu 2023 héldu landlæknir og forstjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála fund norrænna forstjóra sambærilegra stofnana í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Þar var m.a. farið yfir helstu áskoranir og lausnir í hverju landi sem eru almennt séð þær sömu, rætt var hvernig hægt er að virkja sjúklinga og notendur þjónustu í gæða og öryggisstarfi og farið sérstaklega yfir þjónustu við trans einstaklinga.

Ég vil að lokum þakka öllu samstarfsfólki hjá embættinu fyrir vel unnin störf árið 2023 en megin hlutverk embættis landlæknis er að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og forvörnum. Það er ósk mín að embætti landlæknis farnist áfram vel við að stuðla að heilsu og vellíðan landsmanna, einstaklingum og samfélaginu öllu til heilla.

**Alma D. Möller landlæknir**

# Hlutverk, framtíðarsýn og stefna

## Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsuefingu og forvörnum. Návar er kveðið á um hlutverk embættis landlæknis í [lögum um landlækni og lýðheilsu](#).

## Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan landsmanna byggð á heilsuefingu, forvörnum og aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

## Starfsáætlun

Árlega er lögð fram [starfsáætlun](#) sem er vegvísir embættisins. Verkefnum er forgangsraðað út frá fjórum aðaláherslum; heilbrigðisstefnu, lýðheilsu, sóttvörnum og innra starfi.

**Gildin okkar**

**Ábyrgð** Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara

**Virðing** Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi góðvild og sanngirni.


**Traust** Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna.

Embætti landlæknis

Heilbrigðisstefna	Lýðheilsustefna	Sóttvarnir	Innra starf
Áherslur	Áherslur	Áherslur	Áherslur
<ul style="list-style-type: none"> <li>Markviss vöktun á veitingu heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf henni tengd</li> <li>Aukin skilvirkni í eftirliti með heilbrigðisþjónustu</li> <li>Viðtæk gæðapróun innan heilbrigðisþjónustu</li> <li>Markvisst samstarf og samráð við notendur og hagaðila heilbrigðisþjónustu</li> <li>Söfnun, notkun og miðlun gagna úr heilbrigðisskrám til ráðgjafar, eftirlits og vísindarannsóknar</li> <li>Nýsköpun, þróun og innleiðing rafrænna heilbrigðislausna</li> <li>Einstaklingar hafi aðgang að eigin heilsufarsupplýsingum og séu virkir þátttakendur í eigin meðferð og heilbrigði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Markviss vöktun á heilsu, líðan og heilsuhegðun</li> <li>Unnið að velsældarhagkerfi og lýðheilsumat</li> <li>Heilsueflandi sveitarfélög, skólar, vinnustaðir, eldri borgarar og þjónusta</li> <li>Heildstætt símat á heilsueflandi starfi</li> <li>Miðlun upplýsinga um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu</li> <li>Stuðningur við heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum</li> <li>Forvarnir krabbameina og annarra langvinnra sjúkdóma</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vöktun smitsjúkdóma og alvarlegra heilsufarslegra afleiðinga eitur- og geislavirkra efna, sem ógna almannaheill</li> <li>Öflugar forvarnir gegn smitsjúkdómum</li> <li>Miðlun áreiðanlegra upplýsinga til almennings og heilbrigðisstarfsfólks</li> <li>Markvissar almennar bólusetningar</li> <li>Undirbúningur og samhæfing viðbragða við heilbrigðisögnum</li> <li>Vöktun sýklalyfjanotkunar og sýklalyfjaónæmis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ábyrgð, virðing og traust í starfi embættisins</li> <li>Skilvirk stjórn fjármála</li> <li>Þróun áfram rafrænna stjórnsýslu hjá embættinu</li> <li>Öflug öryggis- og gæðastjórnun</li> <li>Styrkja embættið sem heilsueflandi vinnustað</li> </ul>
Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir
<ul style="list-style-type: none"> <li>Þróa nýjar lausnir í eftirlitsstarfi embættisins</li> <li>Endurvekja fagråd um sjúklingaöryggi og leita meira til notenda við eftirlit</li> <li>Efla enn frekar eftirlit með lyfjaávisunum</li> <li>Innleiða samræmda atvikaskráningu um allt land</li> <li>Átak í vinnslu kvartanamála</li> <li>Endurmat á Áætlun um gæðapróun</li> <li>Endurskoða skráningu slysa og þarfagreina nýja slysaskrá</li> <li>Ljúka endurskoðun og innleiðingu lágmarksskráninga í heilbrigðisþjónustu</li> <li>Móta stefnu embættisins um heilbrigðisupplýsingar</li> <li>Taka þátt í endurskoðun lagaákvæða um heilbrigðisskrár og miðlæga heilbrigðislausnir</li> <li>Staðla lýsigögn um breytur í heilbrigðisskrám og auðvelda aðgengi</li> <li>Byggja upp innviði fyrir fjarheilbrigðisþjónustu</li> <li>Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti</li> <li>Þróa nýja skimunarskrá sem einnig styður við ristilskimanir</li> <li>Vinna að Lífsskrá og miðlægu snjókörn</li> <li>Vinna að rafrænni miðlun lykilupplýsinga sjúklinga innan Evrópu</li> <li>Færa fræðsluefni af vef embættisins á Heilsuveru</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Greina og birta upplýsingar úr Heilsu og líðan 2022</li> <li>Innleiða velsældarhagkerfi og lýðheilsumat</li> <li>Gera velsældaráætlun til að bæta líðan og draga úr einmanaleika ungs fólks</li> <li>Halda Velsældarþing 2023 og 2024</li> <li>Vinna með heilsugæslu að heilsueflandi þjónustu og tengja við heilsueflandi samfélög</li> <li>Styðja við innleiðingu á skimun og stuttu inngrip í heilsugæslu vegna áfengisvanda</li> <li>Vinna að auknu heilsulæsi, m.a. í gegnum Heilsuveru og nýta fjölbreytta samfélagsmiðla</li> <li>Vekja athygli á mikilvægi svefns</li> <li>Hefja vinnu við endurskoðun ráðlegginga um mataræði og næringarefni fyrir Ísland</li> <li>Kynna upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsuefingu og forvarnir</li> <li>Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígforvarnir</li> <li>Gefa út og innleiða ráðleggingar um heilsuefingu og forvarnir í skólum</li> <li>Taka þátt í mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsu og líðan</li> <li>Taka þátt í Evrópuverkefni til að draga úr tíðni krabbameina og annarra langvinnra sjúkdóma</li> <li>Vitundarvakning um skaðsemi nikótíns</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla vöktun alvarlegra smitsjúkdóma og miðlun upplýsinga</li> <li>Auka við fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks um sýkingavarnir</li> <li>Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma; uppfæra leiðbeiningar, efla fræðslu og bæta aðgengi að greiningarprófum</li> <li>Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í almennum bólusetningum</li> <li>Endurskoða og uppfæra viðbragðsáætlanir</li> <li>Þverfagleg samvinna um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi í anda <i>Einnar heilsu</i></li> <li>Vinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna markvisst með gildi embættisins að leiðarljósi</li> <li>Taka þátt í norrænu og Evrópusamstarfi sem stuðlar að símenntun starfsfólks</li> <li>Fylgjast með trausti almennings til embættisins</li> <li>Koma á vefgáttum til umsókna um starfsleyfi og tilkynningar um rekstur</li> <li>Birta skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu</li> <li>Koma á vefgáttum vegna kvartana yfir heilbrigðisþjónustu og vegna alvarlegra óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu</li> <li>Styrkja gæða- og öryggiskerfi embættisins</li> <li>Ljúka við innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri</li> <li>Gera starfsmannakannanir með reglubundnum hætti</li> <li>Vinna áfram að skilvirku samstarfi milli sviða</li> <li>Innleiða gátlista um heilsuefingu á vinnustaðnum</li> </ul>

## Mannauður og símenntun


Í árslok 2023 [störfuðu 73 einstaklingar](#) hjá embætti landlæknis, í samtals **68,5 stöðugildum**. Föstu starfsfólki fjölgaði um 4 en stöðugildum fjölgaði um 1,7 frá fyrra ári. Í fullu starfi voru 62 en aðrir í lægra starfshlutfalli, frá 20%-90%. Auk starfsfólks í föstu starfi komu verktakar að fjölmörgum verkefnum innan embættisins, fyrst og fremst að hugbúnaðargerð.



**Mynd 1.** Starfsfólk og stöðugildi hjá embætti landlæknis.

Laun og launatengd gjöld voru um 56% af heildarútgjöldum stofnunarinnar en laun námu samtals um 1.081 milljónum á árinu. **Meðalaldur starfsfólks var 51,1 ár** en starfsfólk var á aldrinum 27 til 69 ára.

Áfram er viðvarandi kynjahalli er hjá embættinu en tæplega **74% starfsfólks eru konur**. Er það svipað og árið áður en heldur lægra hlutfall en á árunum 2018-2021 þegar konur voru um 80% alls starfsfólks.



**Mynd 2.** Hlutfall karla og kvenna hjá embætti landlæknis.

Starfsfólk embættisins eru í **15 mismunandi stéttarfélögum** þar sem Fræðagarður, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Sameyki og Læknafélag Íslands eru fjölmennust.

Á árinu voru **12 störf auglýst laus til umsóknar** og voru 65% umsækjenda konur. Ráðnar voru fimm konur og einn karl en hætt var við ráðningu í sex störf. Auk þess var ráðið í tvö tímabundin störf og var þar ráðin ein kona og einn karlmaður.

**Jafnlaunavottun** embættisins var endurnýjuð á árinu og gildir vottunin til þriggja ára, þ.e. árin 2023-2026. Fyrirtækið Versa Vottun ehf. sá um úttektina. Jafnlaunamarkmið um að kynbundinn launamunur sé innan við 2% náðist í öllum starfaflokkum.

Embætti landlæknis hefur á að skipa öflugur og reynslumiklu starfsfólki, með mjög víðtæka og mikla menntun og fjölbreytta

reynslu. Embættið leggur ríka áherslu á að styðja starfsfólk sitt til að viðhalda og afla sér þekkingar og að starfsfólk hafi tækifæri til að eflast og þróast í starfi. Í stofnanasamningum á milli embættisins og stéttarfélaganna eru ákvæði um markvissa sí- og endurmenntun og í því skyni er starfræktur öflugur símenntunarsjóður.

Embættið er **heilsueflandi vinnustaður** sem vill stuðla að heilsu og vellíðan starfsfólks. Í því skyni býðst starfsfólki heilsu-ræktar- eða íþróttastyrkur árlega auk þess sem embættið tekur á hverju ári virkan þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Þá gerir embættið **samgöngusamninga** við það starfsfólk sem kys að nota vistvænan ferðamáta til og frá vinnu en á árinu 2023 var **28% starfsfólks** með slíkan samning. [Heilsustefna](#) embættisins var endurskoðuð og birt um mitt síðasta ár.



**Mynd 3.** Vinningshafar í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins í flokki fyrirtækja með 70-149 starfsmenn. Á myndinni eru fulltrúar Lyfjastofnunar, Njarðvíkurskóla og embættis landlæknis. Starfsfólk embættis landlæknis lenti í þriðja sæti, bæði fyrir flesta daga og mínútur.

## Græn skref

Á árinu lauk embætti landlæknis við að **innleiða öll fimm Græn skref** Umhverfisstofnunar og var úttekt gerð í nóvember 2023. Aðgerðum Grænna skrefa er skipt í 7 flokka sem ná yfir helstu umhverfisþætti í venjulegum skrifstofurekstri. Markmiðið með Grænum skrefum er að ná niður kolefnisspori stofnunarinnar. Markmið embættisins er að **endurvinnsluhlutfall úrgangs** verði yfir 90% en á árinu 2023 var það **85%**. Heildarlosun ársins á CO2 var **48.679 tonn** (683 kg per stöðugildi) samanborið við 34.267 tonn (523 kg per stöðugildi) árið 2022. Skýringar má finna í umtalsverðri aukningu á alþjóðlegu samstarfi og þá sérstaklega í tengslum við stóra Evrópustyrki sem embættið fékk á árinu.



### 5. skrefi lokið

## Vefurinn

Vefurinn [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) er einn helsti farvegur embættis landlæknis fyrir upplýsingar, fræðslu- og kynningarstarf. Á vefnum má nálgast upplýsingar um öll helstu verkefni embættisins, þar á meðal um starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna, rekstur heilbrigðisþjónustu, eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu, lýðheilsu, heilsueflingu og forvarnir, sóttvarnir, smitsjúkdóma og bólusetningar. Þá er vefurinn mikilvæg uppspretta margvíslegrar tölfræði um heilbrigði þjóðarinnar og þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi. Vefurinn þjónar þannig margþættum tilgangi, bæði fyrir fagfólk í heilbrigðisþjónustu og almenning.

**Þann 15. febrúar 2023 var opnaður nýr vefur undir merkjum Ísland.is.** Margt starfsfólk tók þátt í þessu umfangsmikla verkefni en áhersla var lögð á að einfalda vefinn en um leið bæta upplýsingagjöf, notendaupplifun og aðgengi. Er það í takt við áherslur sem finna má í stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera. Með nýjum vef og samstarfi við Stafrænt Ísland felst enn fremur aukið hagræði með samnýtingu þekkingar, sameiginlegri hönnunar- og efnisstefnu og tæknilegum lausnum af ýmsum toga.

Á árinu var allur vefur embættis landlæknis **þýddur á ensku** en í skilmálum Stafræns Íslands er kveðið á um að allt efni stofnanavefja Ísland.is skuli vera tiltækt bæði á íslensku og ensku. Var vélþýðing nýtt til þess að flýta fyrir þessari vinnu, m.a. hugbúnaður frá Miðeind sem er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í máltækni og gervigreind.

## Fréttir

Embætti landlæknis birti um **130 fréttir** á árinu 2023. Það samsvarar um það bil 11 fréttum á mánuði eða tveimur til þremur fréttum í hverri viku. [Allar fréttir af starfsemi](#)ni árið 2023 má finna á vef.

## Útgefið efni

Embætti landlæknis gefur árlega út fjölbreytilegt efni, að stærstum hluta á vef. Um er að ræða ýmiss konar kynningarefni, leiðbeiningar, skýrslur, dreifibréf og fréttabréf sem allt er hægt að nálgast í [útgefnu efni](#) á vef.

## Erlent samstarf

Embætti landlæknis tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu

samstarfi með alþjóðastofnunum og samtökum á Norður-löndum, í Evrópu og á heimsvísu. Nánar er fjallað um [erlent samstarf](#) á vef.

## Starfsleyfi heilbrigðisstarfsfólks

Gefin voru út **1.083 starfsleyfi heilbrigðisstarfsfólks og 169 sérfræðileyfi** á árinu samanborið við 969 starfsleyfi og 110 sérfræðileyfi árið 2022. Á vef embættis landlæknis eru upplýsingar um [fjölda starfsleyfa og sérfræðileyfa](#) í hverri starfsgrein fyrir sig og þar má einnig finna mælaborð yfir mannafla í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. [Starfsleyfaskrá](#) á vef embættis landlæknis er mikið notuð.

Árið 2023 var **4.558 fyrirspurnum** svarað í gegnum netfangið [starfsleyfi@landlaeknir.is](mailto:starfsleyfi@landlaeknir.is) samanborið við 4.320 fyrirspurnir árið 2022.

## Rekstur heilbrigðisþjónustu

Á árinu 2023 fækkaði tilkynningum um [rekstur í heilbrigðisþjónustu](#), tilkynningum um breytingar á rekstri og umsóknum um heimild til að veita heilbrigðisþjónustu á eigin starfsstofu eftir 75 ára aldur. **Erindi er varða rekstur heilbrigðisþjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu voru tæplega 2.800** árið 2023 í samanburði við 3.400 árið 2022. Fækkun erinda má meðal annars skýra með hnitmiðaðri upplýsingum á [vef embættisins](#).

[Rekstraraðilaskrá](#) var birt á vef embættisins í nóvember 2023. Í henni má finna upplýsingar um sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk, fyrirtæki og stofnanir í heilbrigðisþjónustu, samkvæmt gildandi lögum og reglugerð. Í skránni eru aðeins þeir sem hafa gilda staðfestingu landlæknis á rekstri í heilbrigðisþjónustu. Áfram verður unnið að því að bæta rekstraraðilaskrá eftir þörfum.



# Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Árið 2023 urðu breytingar á mönnun og verkefnum sviðs eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu. Í lok árs voru stöðugildi á sviðinu 11,9 samanborið við 15,4 í lok árs 2022. Síðla árs fækkaði stöðugildum á sviðinu um þrjú þegar verkefni varðandi umsóknir um starfsleyfi og sérfræðileyfi, sem og tilkynningar um rekstur í heilbrigðisþjónustu, voru flutt til annars sviðs embættisins. Jafnframt fækkaði stöðugildum í rannsóknum kvartana og atvika, við lyfjaávisanaeftirlit, við lögfræðistörf og önnur verkefni sviðsins um 0,5.

Árið 2023 var annasamt á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu eins og undanfarin ár.

Vinna við endurskoðun ákveðinna þátta laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 hófst árið 2022 og hélt áfram 2023, undir stjórn heilbrigðisráðuneytisins. Frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum er varða rannsóknir atvika og kvartana var lagt fyrir Alþingi og þess vænst að frumvarpið yrði að lögum á árinu 2024.

Innleiðing á nýju stafrænu umhverfi, m.a. samskiptagátt, sem ætlað er að einfalda og hagræða í samskiptum við notendur þjónustunnar hefur ekki enn orðið að því marki sem vonir hafa lengi staðið til. Utanaðkomandi þættir sem embætti landlæknis hefur ekki stjórn á tefja þetta verkefni.


## Eftirlit með gæðapróun í heilbrigðisþjónustu

Ein af áherslum árlegrar starfsáætlunar embættis landlæknis er að efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Mikilvægur liður í því er innleiðing áætlunar um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019–2030 með kynningu, fræðslu og ráðgjöf og var því fram haldið á árinu.

Á árinu voru gerðar [úttektir](#) á heilbrigðisstofnunum og [fimm úttektarskýrslur](#) voru birtar.

## Kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu

Á árinu fækkaði formlegum [kvörtunum](#) vegna heilbrigðisþjónustu miðað við árið 2022. Hluti skýringar þess er að fleiri kvartanir/erindi hafa reynst falla undir svokallaðar [athugasemdir við þjónustu](#) og er því vísað til viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns, til afgreiðslu. Í lok árs 2023 voru 418 kvartanir óafgreiddar, samanborið við 393 í lok árs 2022 og 341 í lok árs 2021. Málsmeðferð og rannsókn kvartana hefur tafist verulega. Það skýrist m.a. af fjölgun umfangsmikilla mála og að starfsfólk sem sinnir þessum málum hefur í auknum mæli orðið að taka að sér önnur mikilvæg verkefni, t.d. er varða tilkynningar um rekstur og eftirlit með ávisun lyfja. Í fyrirhuguðum breytingum á lögum um landlækni og lýðheilsu er eitt markmiða að einfalda málsmeðferð og að afgreiðsla formlegra kvartana verði í samræmi við eftirlitsskyldu embættisins, þ.e. til að stuðla að gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar.



Á árinu 2023 voru gefin út [álit landlæknis í 37 kvartanamálum](#), samanborið við 59 árið 2022, 138 árið 2021 og 46 árið 2020. Á árinu 2021 tókst að ljúka óvenjumörgum og einfaldari málum með sérstöku átaksverkefni og breyttu verklagi. Einkum var um að ræða kvartanamál sem voru á lokastigi 2020 en náðist ekki að ljúka þá.

## Atvik í heilbrigðisþjónustu

Árið 2023 voru skráð 11.405 óvænt atvik í íslenskri heilbrigðisþjónustu, samkvæmt 9. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, samanborið við 11.349 á síðasta ári.

Með óvæntu atviki er átt við óhappatílvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu árið 2023 voru [byltur/föll, alls 5.340 talsins](#) (47% skráðra atvika). Önnur algeng skráð atvik tengdust [lyfjameðferð, eða samtals 1.785 talsins](#) á landsvísu (16% skráðra atvika).

Heildarfjöldi skráðra óvæntra atvika á öllum heilbrigðisstofnunum 2023	
Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK)	6.124
Landspítali (LSH)	4.868
Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)	413
<b>Samtals</b>	<b>11.405</b>

Heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu ber í samræmi við 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegri örkuðum.

# Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Alls bárust **60 tilkynningar** um [alvarleg óvænt atvik](#) í heilbrigðisþjónustu árið 2023 sem er svipað og árin 2020 og 2021 en 47 tilkynningar bárust árið 2022. Embætti landlæknis rannsakar þessi mál með það fyrir augum að læra megi af þeim og bæta heilbrigðisþjónustuna. Lögð er áhersla á að tryggja eftir því sem kostur er að sambærileg atvik eigi sér ekki aftur stað.



Til að gagn slíkra rannsókna verði sem mest er brýnt að rannsóknin taki skamman tíma en því miður skortir á að svo sé í öllum tilvikum og **naúðsynlegt hefur verið að forgangsraða rannsóknum eftir alvarleika**. Slíkt er í eðli sínu óásættanlegt enda er hér um að ræða alvarlegustu atvikin í heilbrigðisþjónustunni. Síðustu mánuði ársins 2023 var gert sérstakt átak í rannsókn þessara mála og önnur verkefni lögð til hliðar, einkum úttektir á heilbrigðisstofnunum. **Á árinu 2023 lauk rannsókn 65 mála** samanborið við 40 mál 2022, 42 árið 2021 og 46 árið 2020.

## Lyfjaávisanaeftirlit

Embætti landlæknis hefur almennt [eftirlit með ávísun lyfja](#) og sérstakt eftirlit með ávísunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf, þar með talið ávísun slíkra lyfja til eigin nota.

Alls voru **nýskráð 215 mál** í málaskrá embættisins árið 2023 sem varða lyfjaávisanaeftirlit en að auki voru eldri mál til skoðunar. Haldnir voru reglubundnir fundir sérfræðinga sem koma að eftirliti með lyfjaávisunum, þ.e. heilbrigðis-sérfræðingur, læknir og lyfjafræðingur, alls 27 fundir á árinu 2023. Á þessum fundum voru teknar fyrir ábendingar frá Lyfjastofnun, Sjúkratryggingum, læknum, einstaklingum og apótekum en einnig mál sem komu til vegna frumkvæðiseftirlits sem byggir á lyfjagagnagrunni embættis landlæknis.

Í júní voru birtar á vef embættisins endurskoðaðar [Leiðbeiningar um góða starfshætti lækna við ávísun ávana- og fíknilyfja og fleiri lyfja sem hafa misnotkunarhættu í för með sér](#). Leiðbeiningarnar sömdu landlæknir og sérfræðingar embættisins með aðkomu fjölda sérfræðinga utan þess.


## Eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum

Landlæknir hefur [eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar](#) og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Tilgangur rannsókna og málsmeðferðar landlæknis í eftirlitsmálum miðar m.a. að því að tryggja gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu. Hafi misbrestur orðið á veitingu slíkrar þjónustu er metið hvort tilefni sé til frekari eftirfylgni, leiðbeininga eða eftirlitsúrræða í samræmi við III. kafla laga um landlækni og lýðheilsu. Viðurlagaúrræðin gagnvart einstökum starfsmönnum geta verið tilmæli um úrbætur, áminning, takmörkun starfsleyfis (t.d. takmörkuð heimild til ávísunar lyfja) og svipting starfsleyfis.

Á árinu 2023 var efnt til **16 eftirlitsmála vegna lyfjaávisana**.

Eftirlitsmáli getur lokið án viðurlaga eða frekari eftirfylgni, teljist ekki forsendur til þeirra að lokinni rannsókn hjá embætti landlæknis. Til dæmis geta upplýsingar reynst rangar eða að ekki sé ástæða til tiltekinna viðurlaga.

Á mynd 4 sést fjöldi eftirlitsmála sem stofnuð voru á árunum 2016-2023, auk þess sem fram kemur hve mörgum málum hvers árs fyrir sig var ólokið í árslok 2023.



Mynd 4. Fjöldi stofnaðra eftirlitsmála, 2016-2023.

Á árunum 2016-2023 lauk eftirlitsmálum með eftirfarandi hætti. Hér er vísað til þess árs sem eftirlitsmáli lauk, óháð því hvaða ár það var stofnað:

	Án viðurlaga	Tilmæli	Áminning	Takmörkun starfsleyfis	Svipting starfsleyfis
2016	8	7	4	1	3
2017	10	1	1	0	1
2018	14	2	2	0	0
2019	20	3	5	0	0
2020	14	2	3	1	4
2021	18	11	12	0	5
2022	28	10	4	1	3
2023	17	16	12	1	1



## Nýting gagna úr heilbrigðisskrám

Ein af megináherslum í starfsáætlun embættis landlæknis 2023-2024 er að **nýta gögn úr heilbrigðisskrám til ráðgjafar og eftirlits og að styðja við samþykktar vísindarannsóknir** með gögnum úr skránum. Gögn úr heilbrigðisskrám eru nýtt í mjög fjölbreyttum tilgangi í starfsemi embættisins og tölfraði sem byggir á vinnslu þeirra er birt víða, m.a. á vef embættisins og í alþjóðlegum samanburði. Hér á eftir eru nefnd þau gagnavinnsluverkefni sem voru í forgrunni á árinu 2023.

## Starfsemi heilsugæslu

Samskiptaskrá heilsugæslunnar og vistunarskrá heilbrigðisstofnana eru tvær af heilbrigðisskrám landlæknis en þær innihalda **rauntímaupplýsingar um samskipti við heilsugæslu og sjúkrahús**. Gögn þessara skráa eru nýtt með margvíslegum hætti, m.a. til eftirlits með heilbrigðisþjónustu en sífellt er leitað leiða til þess að auka skilvirkni í eftirliti með nýtingu þessara gagna.

Frá árinu 2017 hefur fjármögnun heilsugæslustöðva höfuðborgarsvæðisins verið á grundvelli **fjármögnunarlíkans** sem byggir á mismunandi lýðfræðilegum og heilsufarstengdum þáttum skjólstæðinga stöðvanna og þáttum tengdum gæðum þjónustunnar. Heilsugæsla á landsbyggðinni hefur frá árinu 2021 verið fjármögnuð með sambærilegum hætti. **Hlutverk embættis landlæknis er að reikna út þyngdarstuðul og þarfa-vísitölu hvernar stöðvar, ásamt tilteknum gæðaviðmiðum, auk þess að taka þátt í eftirliti með framkvæmdinni**. Til grundvallar útreikningum liggja gögn í samskiptaskrá heilsugæslunnar. Ársskýrsla um eftirlit með framkvæmd fjármögnunarlíkans heilsugæslunnar fyrir árið 2022 var send til heilbrigðisráðuneytis um mitt ár 2023.

## Starfsemi sjúkrahúsa

Að beiðni heilbrigðisráðuneytisins sér embætti landlæknis um **DRG (Diagnosis Related Groups) flokkun sjúkrahúsupplýsinga vegna breytinga á fjármögnun sjúkrahúsa í átt að framleiðslutendri fjármögnun**. Verkefni embættisins fela í sér vinnu við DRG flokkun, samskipti við skráningaraðila, tölfraðigreiningu gagna til að fylgjast með framkvæmd, gerð leiðbeininga og stuðningi við skráningaraðila, auk þátttöku í norrænu samstarfi um þróun DRG (NordDRG). Gögn vistunarskrár heilbrigðisþjónustu eru nýtt til DRG flokkunar. Niðurstöður úr DRG flokkun embættisins hafa verið sendar til Sjúkratrygginga Íslands frá og með febrúar 2023, sem sér um greiðslur til Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri.

Embættið hefur einnig umsjón með **VisualDRG** hugbúnaðinum sem er hjálpartæki fyrir þá sem nota DRG. Í gildi er samningur við fyrirtækið LOGEX um landsaðgang með ótakmarkaðan fjölda notenda en skráðir notendur voru 254 árið 2023. LOGEX býður upp á fræðslu um VisualDRG fyrir notendur og var haldinn einn fræðslufundur árinu.

## Bið eftir heilbrigðisþjónustu

Á árinu 2023 var tvisvar sinnum kallað eftir upplýsingum um **bið eftir völdum skurðaðgerðum**; í janúar og september. Á árinu voru þessar tölur í fyrsta sinn birtar í **mælaborði** á vef embættisins í stað Excel taflna. Áfram var unnið að því að bæta þekjun, gagnasendingar og gæði gagna í **miðlægum biðlista eftir liðskiptaaðgerðum**. **Nýtt mælaborð um bið eftir liðskiptaaðgerðum** og framkvæmdar aðgerðir var birt á vef embættisins um mitt ár og er það uppfært mánaðarlega. Á sama tíma hófst samstarf við Sjúkratryggingar í tengslum við útboð stofnunarinnar á liðskiptaaðgerðum en nýta þurfti gögn

úr miðlægum biðlista til framkvæmdarinnar. Miðstöð raf-rænna heilbrigðislausna vinnur að því að gera miðlæga biðlistann aðgengilegan þjónustuaðilum til þess að auðvelda framkvæmdina.

Unnið var að því að því auðvelda úrvinnslu gagna um **bið eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimili** og í kjölfarið var birt nýtt gagnvirk **mælaborð** um bið eftir hjúkrunarrými. Mælaborðið er uppfært þrisvar á ári.



## Lyfjanotkun

Gögn í lyfjagagnagrunni landlæknis eru nýtt með margvíslegum hætti. Þar má nefna stuðning við eftirlit með lyfjaávisunum. Á vef embættisins má nálgast **gagnvirka lyfjatölfraði** og eru tölur uppfærðar einu sinni á ári. Mjög margar fyrirspurnir berast embættinu á ári hverju frá heilbrigðisráðuneyti, Alþingi, fjölmiðlum o.fl. sem kalla á vinnslu úr grunninum og er hafinn undirbúningur að því að auka aðgengi að tölfraði um tiltekna lyfjaflokka á vef landlæknis.

Þá var lyfjanotkun á Íslandi til umfjöllunar í þremur tölu-blöðum [Tal nabrunns](#) á árinu 2023, þar sem fjallað var um notkun AHDH lyfja, ópíóíða, slævandi lyfja og svefnlyfja hjá börnum og notkun dicýclóveríns hýdrólóríðs við ungbarna-óvæð.

Hluti af hefðbundnum verkefnum í tengslum við rekstur lyfja-gagnagrunns er að fylgjast með gæðum gagna í grunninum og stuðla að úrbótum þar sem þörf er á.

## Skimanir fyrir krabbameinum

Í upphafi árs 2021 urðu breytingar á skipulagi skimana og fékk embætti landlæknis þá m.a. það hlutverk að hafa heildar-yfirsýn yfir [skimanir fyrir krabbameinum](#), að setja gæða- og árangursviðmið og að viðhafa gæðaeftirlit og árangursmat. Á árinu 2022 var í fyrsta sinn unnið að [útreikningi á fjölmörgum gæðavísu sem valdir höfðu verið og birtust þeir og umfjöllun um þá](#) á vef embættis í byrjun maí 2023. Valið var úr evrópskum gæðavísu (*European Guidelines for Quality Assurance in Cervical Cancer Screening*) en danskir vísar einnig hafðir til hliðsjónar.

Heilbrigðisráðherra ákvað einnig að [skimunarskrá](#), sem áður gekk undir heitinu SKRÍN hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísland, yrði ein af lögbundnum heilbrigðisskrám landlæknis og var gerð [lagabreyting](#) þess efnis í júní 2022. Skimunarskrá verður smám saman endurgerð. Byrjað verður á að gera skráningarkerfi til þess að styðja við [ristilskimanir](#) sem heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að verði brátt að veruleika. Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hefur boðið út gerð nýja skráningarkerfisins með hliðsjón af þarfagreiningu sem unnin var í samvinnu við hagsmunaaðila.



## Dánarorsakir og dánartíðni

Lokið var við innleiðingu á [rafrænum dánarvottorðum](#) og rafrænu ferli dánarvottorða árið 2023 þannig að í árslok fluttust um **91% dánarvottorða**, ásamt viðeigandi upplýsingum, rafrænt frá útgáfustað til embættis landlæknis, sýslumanna og þjóðskrár.

Á árinu 2023 var birt sérstakt [mælaborð til þess að fylgjast með dánartíðni vegna COVID-19](#) og til þess að fylgjast með umframdánartíðni. Vel var fylgst með [umframdánartíðni](#) á tímum COVID-19 faraldursins og þótti ástæða til þess að halda þeirri vöktun áfram og gera tölfraði þess efnis aðgengilega á vef embættisins.

Á árinu var gefinn út [Tal nabrunnur um dánartíðni og dánarorsakir 2022](#) með sérstakri áherslu á umframdánartíðni og þá sem látist hafa á Íslandi með lögheimili erlendis.

## Skráning slysa

Eitt af verkefnum á starfsáætlun embættisins er [endurskoðun á skráningu slysa í heilbrigðisþjónustu](#) og þarfagreining á nýrri

miðlægni slysa-skrá. Vorið 2023 var stofnaður kjarnahópur til að stýra verkefninu en hann samanstendur af fulltrúum frá embætti landlæknis og bráðamóttöku Landspítala. Í kjölfarið var settur á fót breiðari hópur með aðkomu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Læknavaktarinnar og heilbrigðis-stofnana utan höfuðborgarsvæðisins.

Stefnt er að því að hanna nýtt viðmót til slysa-skráningar í heilbrigðisþjónustu og koma því í gagnið á árinu 2024. Auk skráningar á grunnupplýsingum um slysaþola, stendur m.a. til að skrá slysaflokk, tegund iðkunar, vettvang slyss og staðsetningu.

Lagt er upp með að kerfið verði landsþekjandi og einfalt til að byrja með. Einnig er stefnt að því að hinir slösuðu geti sjálfir tekið þátt í skráningu upplýsinga um slys í einhverjum mæli, svo sem í gegnum Heilsuveru. Við endurskoðun slysa-skráningar verður horft til XIX. og XX. kafla ICD-10 flokkunar-kerfisins varðandi áverka og ytri orsakir og tengingu við alþjóðlega kóðunarkerfið SNOMED-CT.

## Mannafla í heilbrigðisþjónustu

Brýnt er að hafa sem besta yfirsýn yfir [mannafla í heilbrigðisþjónustu](#). Til þess að auðvelda aðgengi að þeim tölulegu upplýsingum sem til reiðu eru hjá embætti landlæknis var á árinu birt nýtt [mælaborð um mannafla](#). Í mælaborðinu er hægt að rýna í tölfraði úr starfsleyfaskrá embættisins. Auk þess er birt tölfraði um áætlaðan fjölda starfandi heilbrigðis-starfsfólks út frá gögnum sem aflað er frá viðeigandi stéttar-félögum og loks tölur um fjölda útskrifaðra úr tilteknum heilbrigðisgreinum byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands.

## Gögn til vísindarannsókna

Gögn úr gagnagrunnum á ábyrgð landlæknis og sótt-varnalæknis eru m.a. nýtt til [vísindarannsókna á heilbrigðis-sviði](#).

Á árinu 2022 hóf embætti landlæknis þátttöku í samnorrænu verkefni, [Nordic Commons](#). Verkefnið hafði það að markmiði að **auðvelda aðgang að heilbrigðisgögnum til samnorræna vísindarannsókna**. Síðla árs 2023 var verkefnið lagt niður í þáverandi mynd og annað verkefni um norræna samvinnu af svipuðu tagi tók við. Nýja verkefnið nefnist **VALO** og tekur Ísland þátt í því.

**NORDIC COMMONS**  
Sharing health data across  
the Nordic countries

Líður í því að auðvelda aðgang að heilbrigðisgögnum þvert á lönd er að **samræma og staðla lýsigögn**. Vinna er hafin við að staðla lýsingar á heilbrigðisskrám hjá embætti landlæknis og í framhaldinu er áætlað að endurskoða og staðla breytulista þessara skráa. Vinna við lýsigögn tekur mið af Evrópu-verkefnum á þessu sviði, t.d. [TEHDAS](#).

## Endurskoðun lágmarksskráningar í heilbrigðisþjónustu

Samræmd skráning heilbrigðisstarfsfólks er forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfan samanburð á þeirri þjónustu sem veitt er í heilbrigðiskerfinu. Gögn í miðlægum heilbrigðisskrám landlæknis eiga oft uppruna í skráningu heilbrigðisstarfs-

manna og þess vegna er það eitt af mikilvægum hlutverkum embættisins að skilgreina lágmarksskráningu og stöðlun hennar.

Endurskoðun lágmarksskráningar lauk 2023, í samræmi við markmið á starfsáætlun, en vinnuhópar höfðu verið að störfum frá árinu 2021. Unnið var að [endurskoðun fyrir mæla um lágmarksskráningu samskipta](#) á heilsugæslustöðvum og á lækna stofum annars vegar og lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum hins vegar. Um miðbik vinnunnar var ákveðið að **sameina fyrirmælin í ein fyrirmæli** um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu.

Fyrsta útgáfa sameinaðra fyrirmæla embættis landlæknis um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu var tilbúin í desember 2023 og var hún **send ráðherra til staðfestingar**. Hin nýju sameinuðu fyrirmæli munu fella úr gildi 2. útgáfu fyrir mæla um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og á lækna stofum sem gefin voru út 2008 sem og 4. útgáfu fyrir mæla um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum frá 2011. Endurskoðun fyrirmælanna var unnin í samvinnu við hóp fulltrúa tilnefndra af sjúkrastofnunum, heilsugæslustöðvum, samtökum heilbrigðisfyrirtækja og samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu.

## Vöktun á heilsu, líðan og lifnaðarháttum til stuðnings heilsueflandi starfi

Embætti landlæknis leggur áherslu á markvissa vöktun á heilsu, líðan og heilsuhegðun. Það er gert m.a. með því að leggja fyrir stóru rannsóknina Heilsa og líðan á Íslandi á fimm ára fresti og að fylgjast með tilteknum áhrifaþáttum heilsu í

gegnum mánaðarlegar kannanir. Þessum gögnum er ætlað að styðja við lýðheilsustarf með margvíslegum hætti, ekki síst heilsueflandi starf sveitarfélaga. Þá hafa þau einnig verið nýtt til þess að meta áhrif af COVID-19 faraldrinum á lýðheilsu og til vísindarannsókna.

## Heilsa og líðan á Íslandi 2022

[Rannsóknin Heilsa og líðan á Íslandi](#) var síðast lögð fyrir í október 2022. Markmið rannsóknarinnar er að leggja með reglubundnum hætti mat á heilsu, líðan, velferð og lifnaðarhætti fullorðinna. **Í fyrirlögninni 2022 var fólk af erlendum uppruna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar í fyrsta sinn með í úrtaki.**



Af u.þ.b. 16.800 einstaklingum sem boðin var þátttaka í rannsókninni **svöruðu 46,5% spurningalista** rannsóknarinnar. Mest var þátttakan meðal þeirra sem áður höfðu tekið þátt og var aftur boðin þátttaka (N=5.695), um 65% svarhlutfall. Í nýju úrtaki íslenskra ríkisborgara (N=3.906) var svarhlutfallið 45,2% og í nýju úrtaki erlendra ríkisborgara (N=7.198) var svarhlutfallið 32,5%.



# Heilbrigðisupplýsingar

Á árinu var unnið að [gagnahreinsun](#) og því að koma gögnum á greiningarhæft form. Einnig var unnið að [framkvæmdaskýrslu](#) rannsóknarinnar en stefnt er að útgáfu hennar á fyrstu mánuðum ársins 2024.

Ýmsar greiningar voru unnar úr gögnum rannsóknarinnar á árinu, þó einkum vegna birtingar árlegra lýðheilsuvísa embættisins.

## Vöktun áhrifaþátta heilsu


Í gegnum [mánaðarlegar kannanir](#) fylgist embættið með heilsuhegðun og líðan fullorðinna á Íslandi og þróun tiltekinna áhrifaþátta heilbrigðis og vellíðanar. Líkt og fyrri ár var unnið úr gögnum þessara kannana og gerð grein fyrir niðurstöðum undangenginna ára í nokkrum tölublöðum Talnabrunns, m.a. með umfjöllun um [áfengis- og tóbaksnotkun](#), [mataræði](#) og [líðan](#). Einnig voru birtar niðurstöður í [lýðheilsuvísu](#) embættisins.

## Birting heilbrigðistölfraði

Vefur embættis landlæknis er meginfarvegur fyrir birtingu heilbrigðistölfraði. Þar er birt tölfræði um helstu flokka heilbrigðisupplýsinga, ýmist í formi taflna sem eru uppfærðar einu sinni á ári eða í formi [gagnvirkra mælaborða](#) þar sem notendum er gert kleift að stjórna sýn sinni á gögnin innan ákveðinna marka. Uppfærslutíðni mælaborða er mismunandi eftir því hvaða gögn um ræðir. **Á árinu fóru eftirfarandi sjö mælaborð í birtingu:** [Liðskiptaaðgerðir á hné og mjóðm](#), [Bið eftir hjúkrunarrými](#), [Bið eftir skurðaðgerðum](#), [Starfsemi sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana](#), [Mannafli í heilbrigðisþjónustu á Íslandi](#), [Lýðheilsuvísar](#) og [Umframdánartíðni og COVID-19 andlát](#).

## Lýðheilsuvísar 2023

[Lýðheilsuvísar voru gefnir út og kynntir í áttunda sinn í september 2023](#) en vísarnir eru valdir mælikvarðar sem gefa vísbendingar um heilsu, lífnaðarhætti og líðan þjóðarinnar. [Lýðheilsuvísar](#) eru annars vegar birtir í pdf-skjölum og hins vegar í gagnvirku [mælaborði lýðheilsuvísa](#). Að þessu sinni voru þrjár áberandi breytingar gerðar á útgáfunni.



**Útgáfudagsetning var færð aftur í september** mánuð í stað júní mánaðar áður sem gefur möguleika á að styðjast við nýjustu gögn við útgáfu vísanna. Þá voru vísarnir gefnir út fyrir **níu stærstu sveitarfélög landsins** til viðbótar við heilbrigðisumdæmin. Sú ákvörðun var tekin með það fyrir augum að færa lýðheilsuvísana nær þeim samfélögum sem þeim er ætlað að þjóna og gefa viðkomandi sveitarfélögum færi á að vinna með eigin niðurstöður. Þetta var gert til þess að styðja enn frekar við heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum, sem er ein af megináherslunum í starfsáætlun embættisins. Loks var **nýtt mælaborð próað** sem veitir aðgengi að öllum lýðheilsuvísu sem gefnir hafa verið út frá upphafi, eða frá árinu 2016. Í mælaborðinu má sjá árlegar tölur fyrir heilbrigðisumdæmin sjö og níu stærstu sveitarfélögin.

## Lykilvísar heilbrigðisþjónustu

[Lykilvísar heilbrigðisþjónustu voru skilgreindir og birtir í fyrsta sinn á vef embættisins í apríl 2023](#). Með [lykilvísu](#) er átt við mikilvægar mælanlegar breytur sem reiknaðar eru til þess að veita yfirsýn yfir málaflokkinn á hverjum tíma og yfir tíma. **Markmiðið með útgáfu lykilvísanna er að hafa á einum stað mælvísa sem gefa vísbendingar um lykilyrði heilbrigðisþjónustu, hver þróunin hefur verið varðandi þessa þætti og samanburð á lykilyrðum við nágrannalöndin.** Við val á vísu var einkum horft til þess að velja vísa sem væru mikilvægir, mælanlegir, að áreiðanleg gögn lægju fyrir, byggðu á gagnreyndri þekkingu, væru auðskiljanlegir, alþjóðlegur samanburður væri mögulegur, tengdust stefnum og aðgerðum og síðast en ekki síst að það væri hægt að hafa áhrif til hins betra með stefnumörkun og aðgerðum.

## Talnabrunnur

Á árinu komu út **8 tölublöð** af [Talnabrunni](#), fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar.

**Talnabrunnur**  
Fréttabréf landlæknis um  
heilbrigðisupplýsingar

## Alþjóðasamstarf og alþjóðasamanburður

Hluti af fjölþjóðasamstarfi embættis landlæknis er vinnsla og miðlun heilbrigðistölfræði fyrir Ísland til samanburðar við önnur lönd. Tölfræðinni er miðlað til stofnana á borð við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Hagstofu Evrópusambandsins (EUROSTAT) og Norræna heilbrigðistölfræðiráðið (NOMESCO).

Á árinu 2023 hlaut embættið, með milligöngu Hagstofu Íslands, [viðurkenningu Eurostat sem sjálfstæður framleiðandi opinberrar tölfræði um lýðheilsu og heilbrigðisþjónustu \(Other National Authority\)](#) innan evrópska hagskýrslusamstarfsins. Er það mikil [viðurkenning á gæðum þeirrar vinnu sem embættið vinnur á sviði heilbrigðisupplýsinga](#).



**Mynd 5.** Hrafnhildur Arnkelsdóttir hagstofustjóri og Alma D. Möller landlæknir undirrita samkomulag um hagskýrslugerð, 21. mars 2023.

Á árinu var hafin þátttaka í Evrópuverkefninu [Joint Action on Cardiovascular Diseases and Diabetes \(JA JACARDI\)](#). Sá þáttur verkefnisins sem embætti landlæknis tekur þátt í snýr að því að auka gagnaöflun og bæta gæði og aðgengi að gögnum um hjarta- og æðasjúkdóma og sykursýki. Þá var hafinn undirbúningur að þátttöku í Evrópuverkefni á sviði krabbameinsskimana (*Joint Action on the New EU Cancer Screening Scheme Implementation*). Markmið verkefnisins er m.a. að tryggja sjálfbæra framkvæmd krabbameinsskimana, í samræmi við gagnreynt verklag.

## Endurskoðun lagaákvæða um heilbrigðisskrár


Á árinu 2023 hélt áfram [viðamikil endurskoðun á ákvæði um heilbrigðisskrár í lögum um landlækni og lýðheilsu](#) í samræmi við starfsáætlun. Endurskoðunin hefur verið unnin af starfshópi heilbrigðisráðuneytisins sem í sátu fulltrúar embættisins. Vinnu við frumvarp var lokið í árslok.

Embætti landlæknis hefur um árabil rekið persónugreinanlegar heilbrigðisskrár um ýmsa þætti heilsufars og heilbrigðisþjónustu sem byggja á [lögum um landlækni og lýðheilsu](#). Í ofangreindu frumvarpi er [lagt til að heilbrigðisskrár verði nýttar í fjölþættari tilgangi en áður, til að tryggja að til staðar séu aðgengilegar og áreiðanlegar tölfræðiupplýsingar um lýðheilsu við mótun stefnu á sviði heilbrigðismála og þróun heilbrigðisþjónustu](#). Mikil tækniþróun hefur átt sér stað frá því að nógildandi lög um landlækni og lýðheilsu voru sett árið 2007 og þarf löggjöfin að taka mið af því. Því er lagt til að heilbrigðisþjónustum og veitendum heilbrigðisþjónustu verði heimilt að nýta heilbrigðisskrár við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og eftirlit með henni.

Aukin áhersla er lögð á gagnadrifna stýringu heilbrigðisþjónustu og með nýrri tækni er hægt að veita heilbrigðisþjónustu takmarkaðan aðgang að heilbrigðisskrám, s.s. vegna miðlægra biðlista og fjármögnunarlíkana. Þannig má koma í veg fyrir uppbyggingu gagnagrunna með sömu upplýsingum hjá mismunandi aðilum.

Í ljósi [álits Persónuverndar frá 2020](#) um skýrar lagaheimildir þótti einnig nauðsynlegt að skýra nánar verkefni landlæknis sem snúa að skipulagningu, rekstri og notkun slíkra skráa, skyldu aðila til að miðla upplýsingum í slíkar skrár og um leið heimild landlæknis til að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er.

Með frumvarpinu er einnig brugðist við ábendingum frá veitendum heilbrigðisþjónustu um nauðsyn þess að [tryggja lagastoð fyrir stofnun og rekstri gæðaskráa](#) í heilbrigðisþjónustu. Með gæðaskráum má bæta meðferð einstaklinga og leggja mat á árangur þeirra.



Heilsueflingarstarf embættis landlæknis miðar að því að **styðja sveitarfélög, skóla, vinnustaði og heilsugæslu við að skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsstíl, heilsu og vellíðan fyrir öll**. Starfið er tengt við [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) og í samræmi við [Lýðheilsustefnu til ársins 2030](#). Til að meta stöðu, árangur og framvindu starfsins er notast við [Lýðheilsuvísu](#), [vöktun áhrifabátta heilbrigðis](#) og gátlista sem eru aðgengilegir á vefsíðunni [www.heilsueflandi.is](http://www.heilsueflandi.is).

Áhersla er lögð á miðlun upplýsinga um stöðu mála og aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu. Unnið hefur verið að gerð verkfærakistu fyrir heilsueflingar- og forvarnarstarf þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um verkefni eða starf sem reynst hefur vel. Markmiðið er að auðvelda leit að verkefnum sem geta verið þeim sem vinna að heilsueflingu og forvörnum innblástur. Tilkoma verkfærakistunnar kemur til með að styðja enn frekar við heilsueflingarstarf á landsvísu.

Vinna við innleiðingu velsældarhagkerfis hefur verið mikilvægur þáttur í starfi lýðheilsusviðs og var **fyrsta velsældarþingið haldið í Hörpu dagana 14.-15. júní 2023**. Unnið var að þinginu í samstarfi við forsætisráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið þingsins var að efla samstarf ríkja um velsældarhagkerfi og sjálfbærni og stuðla að aukinni áherslu á velsæld fólks og náttúru í stefnumótun og ákvarðanatöku.

## Heilsueflandi samfélag

Í lok árs 2023 bjuggu um **96,2% landsmanna** í Heilsueflandi samfélagi (HSAM). Fjögur sveitarfélög bættust í hópinn á árinu; **Ölfus, Stykkishólmur, Snæfellsbær og Þingeyjarsveit**.

HSAM var samstarfsaðili ráðstefnunnar [Hreyfiúrræði fyrir 60+](#) sem haldin var í maí 2023 á vegum [Bjarts lífsstíls](#) sem er samstarfsverkefni Íþróttá- og ólympíusambands Íslands og Landssamband eldri borgara.

Í samræmi við óskir HSAM tengiliða var á árinu unnið að gerð hvatningar- og fræðsluefnis, [Velliðanarblómsins](#), og var það birt í lok árs.



Starf og tengslanet Heilsueflandi samfélags er einnig landsnet fyrir **WHO Healthy Cities** á Íslandi og gegnir embættið hlutverki samhæfingaraðila fyrir það starf á landsvísu. Í því felst m.a. samvinna við *Healthy Cities* á Norðurlöndunum en í nóvember héldu þessi lönd sameiginlegan fjarfund þar sem tengiliðum allra borga og sveitarfélaga í landsnetunum bauðst að taka þátt. Í kjölfar þess að leiðarvísirinn [How to develop and sustain healthy cities in 20 steps](#) var gefinn út sáu fulltrúar embættisins og Reykjavíkurborgar um gerð myndbanda fyrir tvö skrefanna. Árleg ráðstefna og vinnufundur *Healthy Cities* var haldinn í Utrecht í Hollandi í nóvember þar sem fulltrúi Reykjavíkurborgar var kjörinn í *City Coordinators Advisory Board* til tveggja ára.

## Heilsueflandi grunnskóli

Í lok árs 2023 voru **120 grunnskólar** skráðir til þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla eða um **70% allra grunnskóla** á landinu. Þeim skólum sem taka þátt var boðið upp á stuðning og kynningar. Haldnir voru fjarfundir með ýmsum heilsueflandi áherslum á árinu auk fjölmargra kynninga fyrir kennaranema og fagaðila í skólum, innlenda sem erlenda.

Unnið var áfram með **Erasmus+ verkefni** í samstarfi við [Schools for Health in Europe](#) (2022-2025). Var verkefnið unnið í samstarfi við fjögur Evrópulönd en þrír íslenskir tilraunaskólar tóku þátt. Verkefnið felst í því að einfalda stuðningsefni og prófa það með skólunum. Samhliða þessu var byrjað á Erasmus+ verkefninu [Health literacy support for schools \(2023-2025\)](#) sem unnið verður í samstarfi við tilraunaskóla.

Á árinu var unnið með Barna- og fjölskyldustofu að þróun gátlista um farsæld sem verður kynntur fyrir grunnskólum árið 2024. Einnig voru aðrir gátlistar uppfærðir og í tengslum við þá vinnu er unnið að ráðleggingum um heilsueflingu og forvarnir í skólum sem gefnar verða út árið 2024.

Einnig var unnið nýtt efni í tengslum við Forvarnardaginn út frá nálgun vellíðanar auk þess sem unnið var að þróun á verkefninu Heilsueflandi bekkur með sömu nálgun. Markvisst samtal var við ungmenni í samstarfi við Samfés, til að fá sýn ungmenna á innhald þessara verkefna. Seinni hluta árs hófst undirbúningur fyrir ráðstefnu sem haldin var í byrjun árs 2024.



## Heilsueflandi leikskólar

Í lok árs 2023 voru **95 leikskólar** skráðir til þátttöku í Heilsueflandi leikskóla. Það eru um **37% leikskóla** á landsvísi. Áframhald var á samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um heilsueflingarstarf og notkun rafrænna kerfa. Þá var áfram unnið að endurbótum á vefnum [heilsueflandi.is](https://heilsueflandi.is) og komið þar fyrir sérstakri vefsíðu með upplýsingum um [Heilsueflandi leikskóla](https://heilsueflandi.is). Unnið var áfram í samstarfi við norrænt tengslanet um fyrstu 1000 daga barnsins en þar er meðal annars fjallað um leikskólavist yngstu barnanna.

## Heilsueflandi framhaldsskóli

Allir **30 hefðbundnir framhaldsskólar** landsins eru þátttakendur í Heilsueflandi framhaldsskóla. Gefinn var út nýr gátlisti um farsæld í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu og mennta- og barnamálaráðuneytið og var hann vel kynntur fyrir öllum framhaldsskólum. Á þessum kynningum var einnig skerpt á markmiðum Heilsueflandi framhaldsskóla. Boðið var upp á almenna fjarkynningu sem 23 skólar sóttu en einnig var boðið upp á sérkynningu fyrir hvern skóla sem 10 skólar þáðu.

Meirihluti framhaldsskóla tekur þátt í Forvarnardegnum ár hvert en nýtt efni var í boði fyrir skólana þetta árið og var það unnið út frá nálgun vellíðanar. Embætti landlæknis kom að undirbúningi **Bikarmóts Íslenskra Heilsueflandi framhaldsskóla í körfubolta** (BÍSHEF) en framkvæmdin var í höndum stýrihóps skipuðum nemendum sem var í samstarfi við KKÍ.

## Heilsueflandi vinnustaðir

Í lok árs 2023 voru **247 vinnustaðir** skráðir til þátttöku í Heilsueflandi vinnustað og **bættust 79 vinnustaðir við á árinu**.

Teymi heilsueflandi vinnustaðar með aðilum frá embætti landlæknis, Virk starfsendurhæfingarsjóði og Vinnueftirlitinu hefur kynnt verkefnið víða á árinu. [Opinn morgunfundur](#) var haldinn í mars undir yfirskriftinni **Skref fyrir skref – Heilsueflandi vinnustaður**, þar sem aðilar frá Hafnafjarðarbæ og Eflu héldu erindi um heilsueflandi vegferð vinnustaðar. Í september var haldinn opinn vinnufundur undir yfirskriftinni **Er allt í gulu á þínum vinnustað?** þar sem fjallað var um geðrækt og streitu á vinnustað. Áfram var unnið að stuðningsefni á vefsíðunni [vinnustadir.heilsueflandi.is](https://vinnustadir.heilsueflandi.is) og viðmið í gátlistum uppfærðir eftir þörfum.

## Heilsuefling eldri borgara

Á árinu var áfram unnið með heilsueflingu aldraðra í gegnum starf Heilsueflandi samfélags og jafnframt var **nýtt merki heilsueflingar á efri árum** kynnt. Áhersla hefur verið lögð á samvinnu við þá aðila sem starfa að þessu máli, m.a. í verkefnum sem snerta eldri borgara hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og í starfshópi á vegum [Gott að eldast](#), þar sem markmiðið er að bæta upplýsingaflæði og auka vitund um alhliða heilsueflingu fyrir eldri borgara á Íslandi. Einnig er áfram áhersla lögð á samvinnu við [Bjartan lífsstíl](#) á vegum Landssambands eldri borgara og Íþrótt- og Ólympíu-samband Íslands.



**HEILSUEFLING**  
**á efri árum**

## Heilsueflandi þjónusta

Embætti landlæknis hefur um skeið unnið í samstarfi við Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu að **þróun heilsueflandi þjónustu með námskeiðahaldi og efnisgerð**. Þessi þjónusta hefur verið kynnt á fundum tengiliða Heilsueflandi samfélags, og hvatning hefur verið veitt til frekara samstarfs í heimabyggð. Í samvinnu við Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar hefur verið unnið að þróun verkfæra og efnis fyrir snemmtæka íhlutun á landsvísi.

## Geðrækt og sjálfsvígsforvarnir

Embætti landlæknis á sæti í norrænum vinnuhópi um geðheilsu (**Nordic network on mental health**) ásamt fulltrúum annarra sambærilegra stofnana á Norðurlöndum. Hópurinn fundar árlega í því landi sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni. Ísland gegndi formennsku í nefndinni árið 2023 og hélt embætti landlæknis því utan um starf hópsins á árinu. Haldnir voru rafrænir fundir auk tveggja daga fundar og vettvangsferða í Reykjavík í október 2023. Að þessu sinni var **áhersla lögð á fordóma (stigma) í garð þeirra sem glíma við geðrænar áskoranir og aðstandendur þeirra sem misst hafa ástvin í sjálfsvígi**. Áhersla síðustu ára hefur verið á sjálfsvígsforvarnir og hluti þeirra vinnu var [skýrsla um stöðu sjálfsvígsforvarna á Norðurlöndunum](#) sem kom út í febrúar 2024.

Á árinu 2022 lauk formlega formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, **Fyrstu 1000 dagarnir á Norðurlöndunum**. Mikill samhljómur var meðal samstarfsaðila um að halda samstarfinu áfram og hélt embætti landlæknis utan um eftirfylgd verkefnisins fyrir hönd Íslands í samvinnu við Svíþjóð á árinu 2023 og áfram út árið 2024.

Embætti landlæknis, í samstarfi við fleiri aðila, hefur um nokkurt skeið unnið að **gerð og þýðingu námsefnis um félags- og tilfinningafærni fyrir unglinga**. Haustið 2022 hófst tilraunakennsla á efninu í tveimur skólum og haustið 2023 bættust fleiri skólar í hópinn. Áætlað að efnið komi út á árinu 2024.

Embættið tók þátt í [Nordic Summit on Mental Health](#) sem haldin var í Hörpu í mars. Þar var sérstök málstofa með áherslu á sjálfsvígsforvarnir og stuðning eftir sjálfsvíg.

Embættið, í samvinnu við fulltrúa frá heilbrigðisráðuneytinu, hefur frá árinu 2021 tekið þátt í verkefninu [JA ImpleMENTAL](#) þar sem litið er til Austurríkis og SUPRA aðferðafræðinnar við gerð sjálfsvígsforvarnaráætlunar á landsvísu.

## Áfengis- og vímuvarnir

Embættið tók á árinu á móti fjölda gesta sem vildu fræðast um árangur Íslands í forvörnum. Meðal gesta má nefna sveitarfélög, kennara og lögreglu frá Danmörku. Þá tók embættið þátt í tveimur vinnustofum um stefnumótun í forvörnum í Georgíu og veitti ráðgjöf um heilsuefningu og forvarnir í Albaníu.

Fulltrúi embættisins var skipaður í starfshóp um **mótun heilðrænnar stefnu í áfengis- og vímuvörnum**.

Fulltrúi embættisins á fulltrúa í ráðgjafahópi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í verkefninu **EVID – ACTION**. Verkefninu er ætlað að styðja við ríki Evrópu að innleiða bestu leiðir og uppbyggingu þekkingar í áfengisforvörnum og að miðla áfram þekkingu til að draga úr áfengisnotkun og skaða í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

Vinna hófst við þýðingu og staðfæringu á samantekt úr bókinni **Alcohol no ordinary commodity** sem verður gefin út innan tíðar. Þá tók embættið á árinu þátt í [norrænu rannsóknarverkefni um notkun ungmenna á Norðurlöndunum á áfengi og kannabis](#).

Í samvinnu embættisins og heilbrigðisráðuneytisins var skipulögð og haldin [ráðstefna um stefnumótun í áfengismálum og lýðheilsu](#). Ráðstefnuna sóttu fjölmargir þátttakendur og voru fyrirlesarar bæði innlendir og erlendir, m.a. fulltrúar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Í framhaldi voru haldnir fundir norrænna embættismanna um áfengistengd málefni og önnur vímuefni.

## Tóbaksvarnir

Í september 2023 var haldinn **Norrænn fundur um tóbaksvarnir** í húsakynnum embættisins.



**Mynd 6.** Norrænn fundur um tóbaksvarnir var haldinn í Reykjavík í september 2023.

Á fundinum var m.a. rætt um hvort Norðurlandþjóðirnar ættu að gera sameiginlegar vinnureglur um samskipti við tóbaksíðnaðinn og unnið að sameiginlegu skjali á samburði á ólíkum þáttum tóbaksvarna á Norðurlöndunum. Fundurinn var hluti af norrænu samstarfi um tóbaksvarnir en embættið hefur tekið þátt í því frá stofnun þess árið 2012.

Á árinu hófst vinna við verkefni sem miðar að því að vekja athygli á neikvæðum hliðum notkunar á nikótínþúðum sem hefur vaxið hratt síðustu ár, einkum meðal ungs fólks.

## Næring

Endurskoðun á **Norrænum næringarráðleggingum** hefur staðið yfir undanfarin ár. Kom starfsfólk embættisins að þeirri endurskoðun ásamt meira en 400 sérfræðingum á Norðurlöndunum. Nýjar [Norrænar ráðleggingar \(NNR6\)](#) voru síðan kynntar hér á landi í júní 2023. Í framhaldi af því hófst undirbúningur fyrir endurskoðun á íslenskum ráðleggingum. Skipaður var ráðgefandi faghópur fyrir þá vinnu sem hóf störf 2024. Stefnt er að því að birta ráðleggingar um næringarefni (vítamín, steinefni og orkuefni) fyrri hluta árs 2024 og almennar ráðleggingar um fæðutegundir og heildarmataræði fyrir lok sama árs.

Starfsfólk embættisins tók þátt í starfshópi heilbrigðisráðherra um **Stefnumarkandi áherslur í forvörnum, heilsuefningu og meðferð - tillögur að aðgerðum varðandi offitu, holdafar, heilsu og líðan** árið 2023. [Skýrslu](#) var skilað til ráðherra í byrjun febrúar 2024.

Skipaður var ráðgefandi faghópur landlæknis um **bættan joðhag Íslendinga** sem skilaði af sér tillögum um hvernig standa megi að því að bæta joðhag Íslendinga. Lagt var til að nota

joðbætt salt við brauðgerð til að bæta joðhaginn og að eftirlit yrði haft með því hvort þessi aðgerð myndi skila tilætluðum árangri. Áður en farið verður í ofangreinda aðgerð stendur til að **kanna joðhag tveggja ára barna** og hófst undirbúningur fyrir þá **rannsókn** árið 2023.

Embætti landlæknis tekur þátt í norræna vinnuhópnum **Nordic Diet Network (NDN)** og er tengslanet þeirra sem bera ábyrgð á þróun og innleiðingu á ráðleggingum um mataræði í hverju landi. Byggt er á NNR2023 við að þróa og innleiða leiðbeiningar um mataræði sem samþætta heilsu og sjálfbærni. Fyrsti fundur í hópnum var haldinn á Íslandi í tengslum við kynningu á NNR2023 og síðan var fundur í Noregi í nóvember 2023. Hópurinn heldur einnig reglulega rafræna fundi. Flest Norðurlöndin munu birta nýjar ráðleggingar um mataræði árið 2024 og því er þetta mikilvægt samstarf.

Mikil vinna fór í undirbúning fyrir **norræna vöktun á mataræði, hreyfingu, holdafari og tóbaks- og áfengisnotkun** (full-orðinna og barna) sem átti að fara fram í október-nóvember 2023 en var frestað til mars-apríl 2024.

Norrænt samstarf um um að efla þekkingu neytenda og verslana á **Skrárgatinu** hélt áfram og var haldið Norrænt málþing í júní 2023 til að kynna niðurstöður þess. Fulltrúum verslana sem tóku þátt í verkefninu var boðið að taka þátt. Einnig var farið í kynningarátak fyrir Skrárgatið á samfélags- og vefmiðlum auk greinaskrifa. Samstarf var við stórmarkaði um átakið.

**Facebooksíða og Instagram fyrir ráðleggingar um mataræði** var áfram nýtt til að koma áreiðanlegum upplýsingum um næringu á framfæri við sem flesta.

## Hreyfing

Faghópur embættis landlæknis lauk í lok árs 2023 við **endurskoðun opinberra ráðlegginga um hreyfingu fyrir Ísland þar sem tekið var mið af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um hreyfingu og takmörkun kyrrsetu**. Embættið tók einnig þátt í norrænum samstarfshópi sem skipaður var af Norrænu ráðherranefndinni, þar sem hugað er að samstarfi og samráðsveitvangi í áherslum verkefna sem snerta hreyfingu á Norðurlöndum. Þá var unnið að undirbúningi fyrir Evrópuverkefni sem miðar að því að safna hlutlægum gögnum (með notkun hreyfímæla) og birta niðurstöður um hreyfingu, kyrrsetu og svefn fullorðinna á landsvísu í þátttökulöndunum.

## Ofbeldisforvarnir

Embætti landlæknis á áheyrnarfulltrúa sem situr þá fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkur sem fjalla um ofbeldisforvarnir.



Fulltrúi embættisins á sæti í stýrihópi sem fylgir eftir aðgerðum sem fylgja þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi gegn börnum og unglingum, en forsætisráðuneytið er í forsvari fyrir hópinn. Embættið skilaði meðal annars **skýrslu um áhrif af stafrænu aðgengi barna og ungmenna að klámi á heilsu þeirra og líðan** sem var ein fyrrnefndra aðgerða. Þá sat fulltrúi embættisins einnig fundi með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis þar sem unnið var að **leiðbeiningum í EKKO málum** fyrir framhaldsskólastigið, en EKKO stendur fyrir **einelti, kyndbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi**. Eins kom fulltrúi embættisins að vinnu við að uppfæra öryggishandbók fyrir leikskóla sem Menntamálastofnun stendur fyrir.

Embættið tók þátt í ritnefnd hjá Vinnueftirlitinu til þess að vinna að forvörnum í svokölluðum EKKO málum. Á árinu komu út tvær **aðgerðavakningar** sem fylgdi ýmislegt **fræðslu** sem ritnefndin kom að.

Fulltrúi embættisins tók á árinu þátt í starfi **velferðarvaktar** félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og fór þar fyrir barnahópi vaktarinnar. Þar hefur verið til umræðu **ójöfn staða barna þegar kemur að aðgengi að tólmstundum á Íslandi**.

## Svefn

Skilaboðum um mikilvægi svefns var komið á framfæri á samfélagsmiðlum og heilræði til að viðhalda góðum svefni voru birt í tengslum við **alþjóðlegan dag svefns** 17. mars. Einnig var áfram unnið að því að vekja athygli á mikilvægi svefns í gegnum heilsuefandi nálganir og í gegnum önnur verkefni og samstarfsaðila.



## Forvarnardagurinn

[Forvarnardagurinn](#) var haldinn í átjándra skipti þann 4. október 2023 og í tilefni af því var haldið [málþing í Borgarholtsskóla með yfirskriftinni \*Hugum að vellíðan og verndandi þáttum í lífi barna og ungmenna\*](#).

Viðburðir tengdir Forvarnardegnum voru í mörgum grunn- og framhaldsskólum landsins í októbermánuði en embættið sér skólum fyrir kennslufni til að vinna með í tengslum við daginn. Sú nýbreytni var árið 2023 að **áhersla var lögð á að skólar myndu vinna út frá þáttum vellíðanar**. Einnig var lögð áhersla á það við nærsamfélagið að leggja áherslu á verndandi þætti Forvarnardagsins og var lögð áhersla á vitundarvakningu um foreldrasamstarf. Boðið var upp á þátttökuleik og gátu litlir hópar í fyrsta skipti tekið þátt. [Verðlaun](#) voru veitt þeim hópum sem dómnefnd þótti skara fram úr á Bessastöðum í desember.



**Mynd 7.** Verðlaun í tilefni af Forvarnardegnum 2023 voru afhent á Bessastöðum í desember. Nemendur úr Hrafnagilsskóla hlutu verðlaun fyrir grunnskóla-verkefni.

## Lýðheilsusjóður

Í febrúar úthlutaði, Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra rúmum **86 milljónum króna** í styrki úr [Lýðheilsusjóði](#) að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins til **150 verkefna og rannsókna**.

## Húðkrabbameinsvarnir

Embætti landlæknis starfar með Geislavörnum ríkisins, húðlæknum og Krabbameinsfélaginu að húðkrabbameinsforvörnum. Samstarfshópurinn stendur fyrir [árlegri könnun á notkun ljósabekkja á Íslandi](#), sem er framkvæmd af Gallup.

## Heilsulæsi

Áhersla hefur verið lögð á aukið heilsulæsi í samfélaginu með birtingu heilsuskilaboða á Heilsuveru og samfélagsmiðlum. Samstarf hefur verið við Norðurlönd um heilsulæsi undir stjórn Nordic Welfare Center. Erasmus+ verkefnið **Health literacy support for schools** hófst formlega haustið 2023. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi fyrir þátttöku í JA PreventNCD evrópuverkefninu um heilsulæsi.

## Loftslagsmál

[Vísindanefnd](#) um loftslagsbreytingar sem gaf [út fjórðu samantektarskýrslu um loftslagsbreytingar](#) í október og sat sérfræðingur embættisins í nefndinni. **Sérstakur kafli var nú í fyrsta sinn helgaður heilbrigðismálum**, þ.e. [kafli 7 um Lýðheilsu, heilbrigðiskerfi og samfélag](#) í alþjóðlegu og íslensku samhengi. Embættið átti fulltrúa í samráðsvettvangi um þekkingarsköpun vegna loftslagsbreytinga og tók þátt í skipulagningu vinnustofu vegna undirbúnings landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum.

KAFLI

7

LÝÐHEILSA, HEILBRIGÐISKERFIÐ OG SAMFÉLAG



Ásamt ofangreindu tekur starfsfólk Lýðheilsuviðs þátt í mótun svæðisbundinna lýðheilsuvísa, reglubundinni vöktun á heilsu og líðan Íslendinga, yfirferð umsókna í Lýðheilsusjóð og skrif í Talnabrunn embættisins. Einnig er unnið að umsögnum til Alþingis og í Samráðsgátt stjórnvalda um málefni tengd lýðheilsu.

# Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna ber ábyrgð á að þróa og innleiða stafrænar lausnir í heilbrigðisþjónustu á landsvísu. Í því felst:

- Að viðhalda og sjá um stefnu í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu á landsvísu, í samráði við heilbrigðis-yfirvöld og aðra lykilaðila.
- Að þróa og innleiða rafræna sjúkraskrá í samræmi við þarfir sjúklinga, heilbrigðisstarfsmanna, stjórnenda og stjórnvalda.
- Að þróa og innleiða aðgang einstaklinga að eigin heilbrigðisupplýsingum um vefinn Mínar síður á heilsuvera.is
- Að þróa og reka íslenska heilbrigðisnetið (Hekla)
- Að hafa eftirlit með öryggi net- og upplýsingakerfa stofnana í heilbrigðisþjónustu.

Markmiðið er að stuðla að öruggri heilbrigðisþjónustu og bættri lýðheilsu á öllum æviskeiðum. Verkefni sem tilheyra sviðinu eru margvísleg og verður hér fjallað um þau helstu í tengslum við aðaláherslur embættis landlæknis á árinu.

## Styrkur frá Evrópusambandinu

Það sem bar hæst á árinu 2023 var viðbótarstyrkur sem embætti landlæknis fékk frá Evrópusambandinu til að vinna að **öruggri miðlun sjúkraskráupplýsinga á milli Evrópulanda í tengslum við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri**. Heildarupphæð tveggja styrkja Evrópusambandsins árin 2022 og 2023 í tengslum við [MyHealth @EU eHealth Digital Service Infrastructure \(eHDSI\)](#) nemur því samtals 4.025.000 evrum og eru verkefni mjög umfangsmikil.

Meðal annars er um að ræða uppsetningu á **landstengigátt** fyrir miðlun lykilupplýsinga úr sjúkraskrá á milli landa í Evrópu fyrir einstaklinga sem leita sér heilbrigðisþjónustu erlendis og jafnframt íbúa annarra Evrópulanda sem sækja heilbrigðisþjónustu hérlendis. Þá nær styrkveitingin einnig til sendinga á rafrænum lyfseðlum á milli landa, rannsóknaniðurstöðum, myndgreiningum og útskriftarnótum af sjúkrahúsi.

**Með verkefninu er brotið blað í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri**, en öruggur aðgangur heilbrigðisstarfsmanna að heilsufarsupplýsingum sjúklinga stuðlar að betri samfelli í þjónustu og öryggi og gæðum í meðferð sjúklinga yfir landamæri. Þar að auki munu sjúklingar hér á landi fá aðgang að sínum lykilupplýsingum í Heilsuveru.

## Rammaútboð

Í ágúst stóð embætti landlæknis fyrir umfangsmiklu útboði í samvinnu við Ríkiskaup til að þróa og efla stafrænar þjónustur embættis landlæknis, m.a. vegna vinnu við uppsetningu og hönnun á landstengipunkti ásamt annarri vinnu sem er nauðsynleg í tengslum við innleiðingu Evrópverkefnisins um miðlun sjúkraskráupplýsinga á milli landa. Góðar viðtökur voru við útboðinu en samtals fimm framenda- og sex bakendateymi uppfylltu öll skilyrði útboðsins. Um er að ræða teymi frá Advania, Imperio, KPMG, Origo, Prógramm og Sensa og taka þau öll þátt í mismunandi þáttum verksins.



**My health @ EU**  
eHealth Digital Service Infrastructure  
A service provided by the European Union

## Ígræði

Rafræn skráning á ígræði í sjúklinga er hluti af skilgreiningu Evrópusambandsins yfir lykilupplýsingar sjúklings. Þar sem skráning á ígræðum í heilbrigðisþjónustu hérlendis fer að mestu fram á pappír er nauðsynlegt að koma upp slíkri skráningu sem hluta af rafrænni sjúkraskrá.

Vinna hófst á árinu við að greina og þróa miðlæga lausn til skráningar á ígræði. Verður skráningin samþættuð Sögu sjúkraskrárkerfi og voru heilbrigðisstarfsmenn sem koma til með að nota kerfið með í ráðum. Er stefnt að því að innleiða lausnina í heilbrigðisþjónustu árið 2024.

## Landstengipunktur

Vinna við að greina, þróa og tengja landstengipunkt til að tengjast öruggu neti Evrópusambandsins við miðlun sjúkraskráupplýsinga gekk vel og stefnt er að prófunum lausnarrinnar vorið 2024.

## Miðlægt Snjóskorn

Sjálfkrafa miðlun upplýsinga um bráðaofnæmi sem skráð er í svokallað Snjóskorn Sögukerfisins var gerð möguleg á milli heilbrigðisstofnana í Söguútgáfu 2023:2.

Áfram var unnið að undirbúningi þess að koma gögnum úr Snjóskorni Sögukerfisins yfir í miðlægan gagnagrunn til að mögulegt verði að miðla öllum skráðum upplýsingum Snjóskornsins til allra heilbrigðisstarfsmanna sem sinna sjúklingi, óháð sjúkraskrárkerfi. Lagabreytingar sem heimila embætti landlæknis að setja upp og reka slíkan gagnagrunn er forsenda innleiðingar.


# Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

## Heilsuvera – Míнар síður

[Heilsuvera – Míнар síður](#) er öruggt vefsvæði þar sem landsmenn, 16 ára og eldri, hafa aðgang að sínum heilbrigðisupplýsingum. Hægt er að eiga örugg samskipti við heilbrigðisstarfsmenn, bóka tíma hjá heimilislækni, sækja um endurnýjun lyfseðla, gefa umboð til að sækja lyf í apótek, hafa yfirlit yfir bókaða tíma í heilsugæslu og legur á sjúkrahúsi, hafa yfirlit yfir sína krabbameinsmeðferð auk fleiri þátta. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum sinna barna til 16 ára aldurs.

## Tölfræði Heilsuveru


Notkun Heilsuveru dróst aðeins saman á árinu og voru innskráningar í Heilsuveru tæplega **4,7 milljónir** sem er fækkun á innskráningum um tæplega 30% frá fyrra ári, þegar innskráningar voru um 6,7 milljónir.



Mynd 8. Fjöldi innskráninga í Heilsuveru á mánuði 2016-2023.


Fækkun innskráninga má að öllum líkindum rekja til þess að heimfsaraldri COVID-19 lauk á árinu. Á mynd 8 má sjá aukningu í notkun Heilsuveru í hverri COVID-19 bylgju og ber hæst í síðustu bylgjunni, snemma árs 2022.

Einstaklingum sem notuðu Heilsuveru fækkaði á árinu um rúm 7% miðað við fyrra ár. **Notendur Heilsuveru voru tæplega 248.000 árið 2023** en tæplega 268.000 á árinu 2022 (mynd 9). Ef horft er til allra íbúa landsins 16 ára og eldri notuðu **80% landsmanna** Heilsuveru á árinu 2023 miðað við íbúafjölda í janúar 2023 hjá Hagstofu Íslands.




Mynd 9. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árin 2016-2023.

Í COVID-19 faraldrinum varð mikil breyting á notkun kynjanna á Heilsuveru, en fyrir heimfsaraldur voru konur mikill meirihluti notenda. **Árið 2023 var lítil munur á kynjahlutfalli; karlar voru 46% notenda og konur 54%** (mynd 10). Til samanburðar voru konur 68% notenda og karlar 32% árið 2019. Áfram var notkunin mest í aldurshópnum 30-39 ára.



Mynd 10. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árið 2023 eftir aldurshópum og kyni.

Eins og fyrri ár var beiðni um lyfjaendurnýjun mest notaða þjónusta Heilsuveru (mynd 11). Alls voru **lyfjaendurnýjunarbeiðnir á árinu 672.360** sem er tæplega 13% aukning frá árinu 2022.




Mynd 11. Fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun hvern mánuð árin 2017-2023.



# Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Fjöldi rafrænna tímabókana hjá heilsugæslulæknum stóð í stað milli ára 2022 og 2023 (mynd 12). Á hinn bóginn hafa rafrænar tímabókanir í heilsugæslunni tvöfaldast frá árinu 2020.




Mynd 12. Fjöldi tímabókana hjá heilsugæslulækni árin 2018-2023.

Fjöldi fyrirspurna í Heilsuveru hefur aukist verulega á liðnum árum, en dróst þó lítillega saman árið 2023 (mynd 13). Árið 2023 bárust heilsugæslunni tæplega **270 þúsund fyrirspurnir** í gegnum Heilsuveru.

## Miðlægt lyfjakort

Innleiðing á miðlægu lyfjakorti á landsvísu stóð yfir á árinu og verður klárað árið 2024. Miðlægt lyfjakort er miðlægt yfirlit yfir núverandi lyfjanotkun sjúklings ásamt lyfja- og afgreiðslu-sögu.



Mynd 13. Fjöldi fyrirspurna í Heilsuveru árin 2018-2023.

## Nýtt rafrænt skráningarform og samræmt verklag vegna heimilisofbeldis

Útboð fór fram um þróun nýs rafræns skráningarforms fyrir heilbrigðisstarfsfólk til samræmdrar skráningar við móttöku þolenda heimilisofbeldis og annars ofbeldis. **Hugbúnaðar-fyrirtækið Prógramm var hlutskarpast í útboðinu.**

Tilgangurinn verkefnisins er að **bæta verkferla og viðbrögð heilbrigðisstarfsfólks við heimilisofbeldi** með því að sjúkraskrárkerfið styðji við ákvarðanir varðandi skimun, greiningu og úrræði sem til staðar eru, ásamt því að auðvelda tölfræðilega úttekt. Markmiðið er að tryggja þolendum heimilisofbeldis sem besta þjónustu óháð búsetu. Þróun og prófanir fóru fram á árinu og er stefnt að innleiðingu árið 2024.

## Atvikaskráningarkerfið Datik

Embætti landlæknis hefur unnið með heilbrigðisstofnunum landsins að greiningu og undirbúningi innleiðingar á nýju atvikaskráningarkerfi á landsvísu. Stefnt er að því að innleiðing nýja kerfisins hefjist eins fljótt og kostur er, en innleiðing hefur dregist vegna skipulagsbreytinga eigenda kerfisins erlendis.

## Samtengd sjúkraskrá

Sjúkraskrár eru í dag samtengdar á landsvísu og hafa verið til nokkurra ára. Samtengd sjúkraskrá veitir heilbrigðisstarfsfólki aðgang að mikilvægum upplýsingum um sína sjúklinga sem sinnt hefur verið á öðrum heilbrigðisstofnunum. Stuðlar það að auknum gæðum, meiri samfellu og betri heilbrigðisþjónustu.

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast samtengdri sjúkraskrá. Ber þar helst að nefna sjúkrabílaapp, miðlægar tilvísanir, rafræna skráningu keisaraskurða, miðlægar rannsóknaniðurstöður og [Meðveru](#) sem heldur utan um meðferð, líðan og samskipti krabbameinssjúklinga við meðferðaraðila á Landspítala.



# Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

## Lausnarmót Nýsköpunarvikunnar

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hefur komið að Lausnarmóti Nýsköpunarvikunnar og nú Heilsutækniklasans síðustu árin. **Lausnarmót er lengri útgáfa af hakkaþoni og er nýstárleg aðferð við að laða fram byltingarkenndar nýjungar í rafrænum lausnum fyrir heilbrigðiskerfið.**

Helsta markmið [lausnarmótsins](#) er að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar á Íslandi ásamt því að veita fyrirtækjum og sprotum tækifæri til að kynna eigin nýsköpun. Lausnarmótið stóð yfir frá janúar til maí 2023.



**Heilsu-  
tækniklasinn**

Við leitum að lausnum við þekktum vandamálum í heilbrigðiskerfinu. Ert þú með svarið?

Á Lausnarmótinu færð þú tækifæri til að taka þátt í að móta heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar.

- ✓ Spennandi áskoranir frá samstarfsaðilum
- ✓ Tækifæri til að vinna með sérfræðingum að þróun lausna
- ✓ Samstarfsaðilar geta fjölfest í lausninni við lok Lausnarmóts

[Skráðu þig núna](#)

## Rekstur upplýsingakerfa

Á árinu var unnið að ýmsum framfaraverkefnum hjá rekstrar-teymi miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna til að tryggja upplýsinga- og rekstraröryggi, svo sem endurnýjun og upp-færsla á búnaði, bæði vél- og hugbúnaði. Einnig var unnið að því að auka öryggi og öryggisvitund innan embættisins.

Þróun og rekstur tölfræðigagnagrunna og tengdra kerfa var með hefðbundnu sniði og mörg verkefni í gangi auk þess sem mikil **þróunarvinna átti sér stað varðandi umsóknir og vottorð um starfsleyfi í samvinnu við Ísland.is.**

## Megináherslur og verkefni

Sóttvarnalæknir starfar samkvæmt [sóttvarnalögum](#) og tengdum reglugerðum og ber ábyrgð á sóttvörnum undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Yfirlit um [meginhlutverk sóttvarnalæknis má finna á vef embættis landlæknis](#).

Á árinu 2023 færðist starfsemi sóttvarnalæknis enn meira til venjubundinna verkefna eftir tímabil COVID-19 heimsfaraldurs og var á árinu lögð áhersla á eftirfarandi:

- Að tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um smitsjúkdóma fyrir almenning og heilbrigðisþjónustu
- Að bregðast við útbreiðslu smitsjúkdóma með viðeigandi hætti og vera heilbrigðisstarfsfólki til ráðgjafar
- Að endurskoða bólusetningaráætlanir og vinna með heilsugæslu í framkvæmd almennra bólusetninga
- Að endurskoða og uppfæra viðbragðsáætlanir, m.a. landsáætlun um heimsfaraldur
- Þverfagleg samvinna um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi í anda Einnar heilsu
- Uppfæra leiðbeiningar um sýkingavarnir
- Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma með uppfærslu leiðbeininga, fræðslu og samvinnu við heilbrigðisþjónustu um aukið aðgengi að greiningarprófum
- Alþjóðlegt samstarf á sviði sóttvarna almennt

Áherslum í starfsemi var fylgt eftir með aðgerðum sem fólust í eftirfarandi:



## Vöktun og áhættugreining

Samkvæmt [reglugerð nr. 221/2012 um skýrslugerð vegna sóttvarna](#), ber sóttvarnalækni að halda smitsjúkdómaskrá og var reglugerðin uppfærð í ágúst. Upplýsingar vegna skráningar- og tilkynningarskyldra sjúkdóma berast til sóttvarnalæknis eftir þremur meginleiðum:

1. Frá rannsóknarstofum Landspítala og Sjúkrahúsínu á Akureyri í sýkla- og veirufraði
2. Frá meðhöndlandi læknum (klínískar tilkynningar)
3. Úr sjúkraskrá heilbrigðisstofnana

Flutningur upplýsinga frá rannsóknarstofum sjúkrahúsa og sjúkraskrá til sóttvarnalæknis er með sjálfvirkum og rafrænum hætti en læknar senda auk þess faraldsfræðilegar upplýsingar. Töluverður misbrestur er á heimtum þessara faraldsfræðilegu (klínísku) tilkynninga frá læknum, enda eru þær á pappírformi. **Vinna við rafrænt fyrirkomulag sendinga hófst á árinu** en fjármagn skortir til verkefnisins eins og er.

Sóttvarnalæknir miðlar upplýsingum um útbreiðslu sjúkdóma til erlendra samstarfsaðila (Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins, ECDC, og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO) og innanlands til heilbrigðisstarfsfólks, almennings og stjórnvalda. Á árinu 2023 var minni áhersla á upplýsingamiðlun vegna COVID-19 miðað við síðustu ár og **vefsíðan covid.is var lögð niður** vorið 2023. Efni um [COVID-19](#) má nú finna á vef embættis landlæknis á breyttu formi.

COVID-19 greiningum hér á landi fækkaði hratt á fyrstu mánuðum ársins 2023 og **óvissustigi almannavarna var aflétt 23. mars**. Almannaþingastig vegna COVID-19 hafði þá verið í

gildi frá 27. janúar 2020. Tilfellum fjölgaði nokkuð aftur á haustmánuðum en þau voru hins vegar mun færri í lok árs heldur en á fyrstu vikum þess. Vöktun á COVID-19 heldur áfram en með sama hætti og vöktun annarra tilkynningarskyldra sjúkdóma. **Sérstaklega er fylgst með öndunarfærasýkingum á tímabili árlegrar influensu** og bætist COVID-19 við vöktun influensu og RS veiru. [Vikulegar samantektir um tíðni öndunarfærasýkinga](#) og innlagnir á sjúkrahús voru gefnar út á flensutímabilinu. Þá hófst vöktun alvarlegra öndunarfærasýkinga í samstarfi við ECDC á árinu þar sem rafræn sjúkraskrá er notuð til að vakta tíðni innlagna á sjúkrahús vegna öndunarfærasýkinga (EHR-SARI verkefni).

## Bólusetningar

Samkvæmt [reglugerð nr. 221/2001 um bólusetningar á Íslandi](#) skal skrá allar bólusetningar í miðlægan bólusetningagrunn sem er á ábyrgð sóttvarnalæknis. Töluverðar **breytingar urðu á almennri bólusetningaráætlun á árinu 2023**. Ýmsar ástæður liggja að baki breytingum sem eru gerðar á bólusetningaráætlun. Mikilvægt er að vakta tíðni og faraldsfræði þeirra sjúkdóma sem bóluset er gegn og reglulega endurskoða áætlanir með tilliti til nýjustu gagna. Helstu breytingar á árinu 2023:

- **Pneumókokkar.** Á árinu 2022 kom í ljós aukin tíðni á alvarlegum sýkingum vegna hjúpperða sem fyrra bóluefni gagnast ekki gegn. Við útboð 2023 var því gerð krafa um að bóluefni væru virk gegn þeirri hjúpperð sem var algengust í alvarlegum pneumókokkasýkingum meðal barna 2022. Engar breytingar voru gerðar á fjölda skammta eða tímasetningum bólusetninga gegn pneumókokkum.



- **Papillomaveira (HPV).** Tvígilt bóluefni var í notkun fyrir stúlkur 2011-2023. Síðla árs 2022 var tekin ákvörðun um að gera bólusetninguna óháð kyni, en mörg nágrannalönd Íslands hafa gert samsvarandi breytingu. Þá var ákveðið að krefjast breiðvirkara bóluefnis í útboði 2023. Til þessa hafði leghálskrabbamein verið aðaláhersluatriði í bólusetningunum hérlandis, en fyrir allnokkru var ljóst að bóluefnið getur varið öll kyn gegn krabbameinum vegna HPV. Krabbamein vegna HPV, önnur en í leghálsi, eru flest algengari hjá körlum.
- **Meningókokkar C.** Eingilt bóluefni var tekið af markaði og varð því að endurskoða hvort ætti að halda bólusetningum áfram og þá með hvaða bóluefni. Þótt sjúkdómurinn hafi ekki komið upp um árabíl hér er sjúkdómurinn lífshættulegur og hjarðónæmi háð áframhaldandi bólusetningum. Því var ákveðið að hætta ekki bólusetningum. Eftir útboð var niðurstaðan sú að nota fjörgilt bóluefni, gegn meningókokkum A, C, W og Y. Bóluefnið sem varð fyrir valinu hefur ekki enn markaðsleyfi fyrir börn undir 12 mánaða aldri og varð því að finna því nýjan stað í áætluninni.
- **Hlaupabóla.** Bólusetning gegn hlaupabólu hefur frá upphafi verið gerð í 12 mánaða og 18 mánaða skoðun. Hlaupabóla er skráningarskyldur sjúkdómur og hefur greinilega dregið úr skráningum eftir að bólusetning var tekin upp árið 2020. Breyting var gerð á tímasetningu bólusetningar gegn hlaupabólu samfara tilfærslu á bólusetningu gegn meningókokkum. Mikilvægt er að fylgjast með tíðni hlaupabólu og aldursdreifingu þeirra sem fá sjúkdóminn næstu mánuði og ár.

Samvinna heilsugæslu og sóttvarnalæknis um málefni bólusetninga er margþætt. Þar ber hæst árviss fræðsludagur um bólusetningar fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustu, aðgerðir vegna skorts á bóluefnum í skólabólusetningum og breytingar á tímasetningum bólusetningarátaka gegn influensu og COVID-19. [Þátttaka í bólusetningu gegn COVID-19 og influensu var undir markmiðum árið 2023](#) og dræmari en hafði verið á tímabili COVID-19 heimsfaraldurs (2020-2022). [Skýrsla um þátttöku í almennum bólusetningum barna á Íslandi](#) er gefin út árlega af sóttvarnalækni. Almennar bólusetningar sem voru á áætlun árið 2023 verða að venju gerðar upp þegar skólaárinu er lýkur.

## Sýkingavarnir

Á árinu hélt áfram samvinna við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) í formi ráðgjafar og reglubundinna fræðslufunda auk leiðbeininga fyrir starfsfólk vegna sýkingavarna. Sameiginlega var unnið að gerð leiðbeiningabæklinga um sýkingavarnir fyrir starfsfólk á hjúkrunarheimilum og langlegustofnunum.

Sérfræðihópur vann að mótun [leiðbeininga um aðgerðir til að fyrirbyggja smit vegna bakteríunnar Legionella](#) og hvaða aðgerða skuli grípa til ef hún greinist. Gaf hópurinn út stuttar leiðbeiningar fyrir almenning á árinu en hópurinn hefur ekki lokið störfum.

Á árinu voru [leiðbeiningar um rannsókn matarborinna sjúkdóma endurskoðaðar](#). Að venju var samvinna við MAST og heilbrigðiseftirlit sveitafélaga við rannsóknir matartengdra hópsýkinga sem urðu nokkrar á árinu. Þar bar hæst hópsýking tengd fjölsóttum veitingastað í Reykjavík en talið er að fleiri en 190 einstaklingar hafi fengið einkenni um sýkingu.



Á árinu var í þriðja sinn gerð [þversniðsrannsókn á tíðni sýkinga sem tengjast heilbrigðisþjónustu og notkun sýklalyfja í heilbrigðisþjónustu \(PPS-3\)](#). Könnunin fór fram vorið 2023, í samstarfi við ECDC, Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Niðurstöður verða kynntar á árinu 2024.

Á árinu var komið á [tengslaneti sýkingavarnafulltrúa frá heilsugæslu og sjúkrastofnunum í hverju heilbrigðisumdæmi](#). Umdæmislæknar sóttvarna tilnefndu einn tengilið sýkingavarna fyrir hvert heilbrigðisumdæmi. Er tilgangurinn að efla samstarf sóttvarnalæknis, umdæmislækna og heilbrigðisstofnana um almennar sýkingavarnir og sýkingar tengdar heilbrigðisþjónustu. Vonast er til að skipan hópsins stuðli að vel útfærðum sýkingavörnum í umdæmum.

## Viðbrögð og viðbragðsáætlanir

Í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins í Reykjavík vorið 2023, tók sóttvarnalæknir, í samstarfi við almannavarnir, þátt í **undirbúningi vegna hugsanlegrar bráðrar heilsufarsógnar við almenning af völdum efna, sýkla, geislavirkni og hryðjuverka** (CBRNE atvik). Fundurinn þótti takast vel.

Gerð [viðbragðsáætlana](#) um sóttvarnir er í höndum sóttvarnalækna. Vinna við uppfærslu viðbragðsáætlana með hliðsjón af lærdómi tímabils COVID-19 faraldurs var haldið áfram í samstarfi við almannavarnir. Áhersla var á Landsáætlun um heimsfaraldur og viðbragðsáætlun CBRNE atvika.


Norrænt samstarf í heilbrigðisviðbúnaði fer fram í gegnum svokallaðan Svalbarðahóp, sem sóttvarnalæknir og almannavarnir eru aðilar að. Árið 2023 var lögð sérstök áhersla á að ljúka endurskoðun á stefnu og starfsáætlun Svalbarðahópsins, sem síðan var samþykkt af Norrænu ráðherranefndinni. Sett var af stað **nýtt verkefni um greiningu lagalegra hindrana varðandi heilbrigðisaðstoð þvert á landamæri Norðurlandanna** og einnig var tekin ákvörðun um að uppfæra svokallað brunasamkomulag milli landanna (*Nordic Mass Burn Casualty Incident Response Plan*), sem var gefið út fyrir fjórum árum.

**Árleg ráðstefna Svalbarðahópsins var haldin í Keflavík, undir formennsku Íslands**, með áherslu á náttúruhamfarir og heilbrigðisviðbúnað, nýja smitsjúkdóma sem gætu ógnað almannaheill, netöryggi og alþjóðlegt samstarf. Á ráðstefnunni voru flutt erindi sérfræðinga auk skrifborðsæfinga þar sem þátttakendur æfðu samstillt viðbrögð milli landa.

Samstarf Svalbarðahópsins hefur reynst afar vel á liðnum árum og er mikilvægur liður í að styrkja heilbrigðisviðbúnað Norðurlanda.

## Skynsamleg notkun sýklalyfja og aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi

Sóttvarnalæknir heldur skrá um notkun manna á sýklalyfjum, sem geta valdið ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum, og um árabíl hefur verið samvinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja. Talsverður samdráttur varð á notkun sýklalyfja (lyfjaávisunum) á Íslandi frá 2016 til 2020 en **sýklalyfjaávisanir jukust hins vegar á árunum 2021 og 2022**. Nánar er gerð grein fyrir [sýklalyfjanotkun hjá mönnum og dýrum í árlegri skýrslu sóttvarnalækna](#).



Í árslok 2022 skipaði heilbrigðisráðherra [þverfaglegan starfsþóp](#) í anda Einnar heilsu til að **móta aðgerðaráætlun til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis**.

Yfirlæknir á sóttvarnasviði var fulltrúi sóttvarnalækna í hópnum en Þórólfur Guðnason, fyrrverandi sóttvarnalæknir, var formaður. Starfshópurinn skilaði ráðherra ítarlegum tillögum um aðgerðir og kostnaðaráætlun í lok árs.

Á árinu voru gefnar út nýjar [leiðbeiningar um meðferð þvagfærasýkinga hjá eldri einstaklingum](#) sem meðal annars eru ætlaðar hjúkrunarheimilum. Leiðbeiningarnar voru samstarfsverkefni sérfræðinga frá sóttvarnalækni, heilsugæslunni og Landspítala.



Fundur **þverfaglegs norræns samstarfshóps um sýklalyfjaónæmi var haldinn í Reykjavík**, undir formennsku Íslands. Hópurinn vinnur að samhæfingu milli Norðurlanda í alþjóðlegu samstarfi í málefnum sýklalyfjaónæmis í anda Einnar heilsu. Fulltrúar frá sóttvarnalækni, MAST, Landspítala, Keldum og Umhverfisstofnun taka þátt í starfinu. Fundurinn samþykkti sameiginlega yfirlýsingu til að vekja athygli Norrænu ráðherranefndarinnar á mikilvægi sýklalyfjaónæmis.

## Fundir og fræðsla

Haldnir voru reglulegir stöðufundir með umdæmis- og svæðislæknum sóttvarna og sérfræðingum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri varðandi það helsta á döfinni á árinu. Starfsfólk sóttvarnasviðs og aðrir tengiliðir Íslands við alþjóðastofnanir (s.s. heilbrigðis- og öryggismálaráð Evrópuráðsins, ECDC og WHO) sóttu reglulega fundi á vegum þeirra um ýmis málefni varðandi smitsjúkdóma, sóttvarnir, þar með talið bólusetningar, sýklalyfjaónæmi, viðbúnað, viðbrögð, lög og reglugerðir.

**Málefni tengd nýrri reglugerð ESB um öryggisviðbúnað þvert á landamæri voru sérstaklega fyrirferðarmikil á árinu.** Tók sóttvarnalæknir m.a. þátt í að svara könnunum um stöðu mála hélendis varðandi sóttvarnir og vinnu við uppfærslu tilkynningakerfis Evrópulanda vegna heilsuónæmi þvert á landamæri (*EWRS, European Warning and Response System*). Einnig sótti starfsfólk fundi og fræðslu vegna verkefna á sviði sóttvarna, styrktum af ESB, þar á meðal um eflingu rafrænna heilbrigðislausna og gagnagrunna (EU-HIP), og sýklalyfjanotkun og -ónæmi (JAMRAI-2).

Sem liður í fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks um sýklalyfjanotkun og -ónæmi tók sóttvarnalæknir virkan þátt í árlegri [alþjóðlegri vitundarvakningu ECDC og WHO](#). Í tengslum við það hélt sóttvarnalæknir í annað sinn [málþing um sýklalyf og sýklalyfjaónæmi](#) með þátttöku sérfræðinga sóttvarnasviðs, Landspítala, MAST, heilsugæslu og heilbrigðisráðuneytis.



**Í alþjóðlegri viku bólusetninga var haldinn árlegur fræðsludagur um bólusetningar barna fyrir fagaðila**, en það er samvinnuverkefni sóttvarnalækna og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Þema þessa árs var **Brúum bilið**, sem vísar í bilið sem hefur skapast, meðan á COVID-19 faraldrinum stóð, á milli markmiða fyrir bólusetningaþátttöku og raunþátttöku. Haldin voru erindi sérfræðinga frá sóttvarnalækni, Landspítala og heilsugæslu. Þá var efni frá ECDC um mikilvægi bólusetninga staðfært og birt á samfélagsmiðlum.

Tíð samskipti héldu áfram á árinu á milli sóttvarnastofnana Norðurlandanna, m.a. til að deila faraldsfræðilegum upplýsingum um öndunarfarasýkingar og bólusetningar.

[Samstarfsnefnd um sóttvarnir \(SSUS\)](#) er skipuð af ráðherra samkvæmt sóttvarnalögum. Hlutverk nefndarinnar er að afla gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu sem ógnar heilsu fólks vegna manna, dýra, eitur- eða geislavirkra efna. Í nefndinni sitja fulltrúar frá sóttvarnalækni, Matvælastofnun, Geislavörnum ríkisins og Umhverfisstofnun. SSUS fundaði tvisvar á árinu og fjallaði m.a. um uppfærðar leiðbeiningar um [fuglainflúensu, stríðið í Úkraínu og geislavarnir, matarbornar sýkingar og viðbragðsáætlanir vegna sýklalyfjaónæmra bakteria í landbúnaði](#).

[Sóttvarnaráð](#) er einnig ráðherraskipað og þar eiga sæti sérfræðingar á sviði smit- og kynsjúkdóma, bakteríu-, veiru- og faraldsfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sóttvörnum. Formaður er skipaður af ráðherra en sóttvarnalæknir er ritari. **Ráðið mótar stefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisfyrirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.** Sóttvarnaráð fundaði reglulega á árinu og voru ýmis mál tekin fyrir en sérstaklega var áhersla lögð á málefni tengd almennum bólusetningum og breytingum á áætlun.





## Heilbrigðisupplýsingar

Styrkur fjármagnaður af Heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins ([EU4Health](#)):

**JACARDI**, Joint Action on Cardiovascular Disease and Diabetes.

- Samstarfsverkefni 20 ríkja með það að markmiði að draga úr sjúkdómabyrði vegna langvinnra sjúkdóma. Þetta verkefni snýr að hjarta- og æðasjúkdómum og sykursýki.
- Styrkur til að auka aðgengi og gæði gagna til að fylgjast með áhættuþáttum og algengi sjúkdóma. Áætlun um að efla núverandi skrá um hjarta- og æðasjúkdóma og koma á fót sykursýkisrá.
- Upphæð styrks til embættis landlæknis € 342.265.

## Lýðheilsa

Styrkur fjármagnaður af Heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins ([EU4Health](#)):

**JA PreventNCD**: Aðgerðir til að draga úr tíðni krabbameina og annarra ósmittbærra sjúkdóma og áhrifaþátta þeirra.

- Samstarfsverkefni 26 Evrópuþjóða um aðgerðir innan ESB/EES í anda krabbameinsáætlunar Evrópusambandsins og bættrar heilsu allra gegn ósmittbærum sjúkdómum.
- Samstarfsaðilar Lýðheilsuviðs á Íslandi eru forsætisráðuneytið, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Landspítali.
- Heildarfjármagn € 76.500.000; hluti embættis landlæknis € 4.885.689.

## Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Styrkur fjármagnaður af Heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins ([EU4Health](#)):

**MyHealth @EU eHealth Digital Service Infrastructure (eHDSI) Direct Grant**. Enlargement of the geographic coverage and scope of the MyHealth@EU Digital Service Infrastructure.

- Styrkir til að setja upp landstengipunkta og miðla lykil-sjúkraskráupplýsingum rafrænt á milli Evrópulanda til að auka samfellu, gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu, styðja við nýjungar á sviði heilbrigðisvísinda, bæta heilsu og koma í veg fyrir sjúkdóma, vernda borgara fyrir heilsufarsógnum yfir landamæri og auka aðgengi að heilbrigðisþjónustu.
- Evrópusambandsríki ásamt Íslandi og Noregi taka þátt.
- Tveir beinir styrkir til embættis landlæknis € 4.025.000.

## Sóttvarnir

Styrkir fjármagnaðir af Heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins ([EU4Health](#)):

**EU-HIP (EU4Health)**: Styrkur til að efla upplýsingatæknikerfi ríkja og tryggja samhæfingu varðandi vöktun í Evrópu: (Strengthening Member States's IT systems ensuring interoperability with HERA's IT platform for intelligence gathering).

- Styrkur til að efla rafrænar lausnir með tilliti til vöktunar og gagnasöfnunar varðandi heilsuógnir þvert á landamæri vegna smitsjúkdóma, eiturefna, geislavirkni (CBRN).
- 15 ríki taka þátt.

- Áætlun að uppfæra/endurnýja bólusetningargrunn sóttvarnalæknis. Samstarf sóttvarnalæknis og miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna.
- Heildarfjármagn € 18.024.506; hluti embættis landlæknis € 760.361.

**JAMRAI-2 (EU4Health)**: Aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi og sýkingum tengdum heilbrigðisþjónustu: (Joint Action on Antimicrobial Resistance and Healthcare-Associated Infections-2).

- Samstarfsverkefni 30 ríkja um aðgerðir innan ESB/EES í anda Einnar heilsu gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis og sýkingum tengdum heilbrigðisþjónustu.
- Samstarfsaðilar sóttvarnalæknis á Íslandi eru MAST, UST og HRN.
- Heildarfjármagn € 50.000.000; hluti embættis landlæknis € 473.813.

Styrkur fjármagnaður af [ECDC](#):

**EHR-SARI**: Design and implementation of multinational SARI surveillance systems using routinely collected electronic health records. (SARI: Severe Acute Respiratory Infections).

- Verkefni sem 20 Evrópuríki taka þátt í um notkun rafrænnar sjúkraskrár til vöktunar á alvarlegum öndunarfærasýkingum: COVID-19, influensu og RSV (innlagnir á sjúkrahús/gjörgæslu og andlát). Samstarf sóttvarnalæknis og miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna.
- Hluti embættis landlæknis € 40.000.


# Fjárhagur

Embætti landlæknis leggur áherslu á vandaða áætlanagerð og fjármálastjórn. Fjárhagsupplýsingar embættisins og Lýðheilsu-sjóðs eru gerðar í samræmi við [lög um opinber fjármál](#).


Hér eru birtir **ársreikningar** embættis landlæknis fyrir árin 2022 og 2023 en myndir 14, 15 og 16 sýna **þróun lykiltalna úr rekstrinum**.

Á árunum 2023 og 2022 var fjárfesting í tölvukerfum (óefnislegum eignum) embættisins eignfærð. Skýrir það jákvæða afkomu árána og umframráðstöfun vegna fjárfestinga á árunum. Stofnunin mun óska eftir millifærslu fjárveitinga milli rekstrar og fjárfestinga til jöfnunar.


Stærsti hluti útgjalda eru **laun og launatengd gjöld eða 59% af heildarútgjöldum** embættisins 2023. Þá fara 37% af útgjöldum ársins 2023 til miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna og 17% til sviðs eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu.



Mynd 14. Kostnaður við helstu málaflokka hjá embætti landlæknis 2023.



Mynd 15. Skipting rekstrargjalda hjá embætti landlæknis 2023.



Mynd 16. Skipting rekstrargjalda hjá embætti landlæknis eftir árum.

Embætti landlæknis		
Rekstrarreikningur	Árið 2023	Árið 2022
<b>Tekjur</b>		
Framlag úr ríkisjóði	1.656.700.000	1.591.400.000
Sértekjur	369.633.609	424.557.165
Aðrar rekstrartekjur	10.636.912	1.370.801
Tekjufærsla frestaðra tekna	101.695.592	76.209.783
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.138.666.113</b>	<b>2.093.537.749</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	1.088.560.418	1.062.611.719
Önnur gjöld	731.983.131	658.580.776
Afskriftir	101.695.592	76.209.783
<b>Gjöld alls</b>	<b>1.922.239.141</b>	<b>1.797.402.278</b>
Fjármunatekjur	8.626	42.427
Fjármagnsgjöld	-870.801	-12.846
<b>Afkoma ársins</b>	<b>215.564.797</b>	<b>296.165.052</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>		
<b>Eignir</b>		
Fastafjármunir		
Óefnislegar eignir	582.875.248	467.961.700
Varanlegir rekstrarfjármunir	21.055.835	18.144.506
Veltufjármunir	301.475.525	311.949.648
<b>Eignir samtals</b>	<b>905.406.608</b>	<b>798.055.854</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hrein eign	541.905.927	326.341.131
<b>Skuldir</b>		
Langtímaskuldir		
Skammtímaskuldir	363.500.681	471.714.723
<b>Skuldir alls</b>	<b>363.500.681</b>	<b>471.714.723</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>905.406.608</b>	<b>798.055.854</b>

## Lýðheilsusjóður

Hlutverk [Lýðheilsusjóðs](#) er að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga um landlækni og lýðheilsu, í þeim tilgangi að stuðla að heilsuefingu og forvörnum. Styrkir eru veittir til verkefna og afmarkaðra hagnýtra rannsókna.


Hinn 24. febrúar 2023 fór fram athöfn húsakynnum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands þar sem heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, úthlutaði **styrkjum úr Lýðheilsusjóði**, að fengnum tillögum stjórnar Lýðheilsusjóðs sem mat umsóknir út frá því hvernig þær falla að hlutverki sjóðsins. Áður höfðu fagráð embættis landlæknis metið allar umsóknir sem bárust. Embætti landlæknis annast daglega umsýslu og reikningshald Lýðheilsusjóðs.



Mynd 17. Úthlutun styrkja úr Lýðheilsusjóði 2023.

Styrkjum úr Lýðheilsusjóði var úthlutað til fjölbreyttra verkefna á sviði geðræktar, næringar, kynheilbrigðis, hreyfingar og íþróttaiðkunar, áfengis-, vímu- og tóbaksvarna auk almennrar heilsuefingar. Alls veitti heilbrigðisráðherra styrki til **150 verkefna** og nema þeir **rúmlega 86 milljónum króna**.

Lýðheilsusjóður		
Rekstrarreikningur	Árið 2023	Árið 2022
<b>Tekjur</b>		
Framlag úr ríkisjóði	249.900.000	254.900.000
Sértekjur		
<b>Tekjur samtals</b>	<b>249.900.000</b>	<b>254.900.000</b>
<b>Gjöld</b>		
Tilfærslur	236.265.000	238.534.000
Önnur gjöld	5.260.222	2.468.747
<b>Gjöld alls</b>	<b>241.525.222</b>	<b>241.002.747</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>8.374.778</b>	<b>13.897.253</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>Eignir</b>		
Fastafjármunir		
Veltufjármunir	31.495.761	24.120.983
<b>Eignir samtals</b>	<b>31.495.761</b>	<b>24.120.983</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hrein eign	31.495.761	23.120.983
<b>Skuldir</b>		
Langtímaskuldir		
Skammtímaskuldir		1.000.000
<b>Skuldir alls</b>	<b>31.495.761</b>	<b>24.120.983</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>31.495.761</b>	<b>24.120.983</b>



Mynd 18. Útgreiddir styrkir úr Lýðheilsusjóði til heilsuefingar- og forvarna-verkefna.





ISSN 1670–746X

### **Útgefandi**

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

©2024 Embætti landlæknis

### **Ábyrgðarmaður**

Alma D. Möller

### **Ritstjóri**

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

### **Útlit**

Jökulá

### **Umbrot**

Embætti landlæknis

### **Myndir**

Embætti landlæknis, Istockphoto

Ársskýrsla embættis landlæknis 2023 er gefin út rafrænt.  
Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.